

## Jóla­ljós­in kveikt í Sveitarfélaginu Árborg

Þann 21. nóvember sl. var kveikt á jóla­ljósunum í Sveitarfélaginu Árborg. Að venju fór dagskráin fram á tröppunum við Bókasafn Árborgar á Selfossi. Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri hóf dagskrána. Alexander Freyr og Karitas Harpa sungu nokkur lög. Þá söng Barnakór Selfoss­kirkju falleg lög. Þegar skátarnir úr Fossbúum höfðu dreift heitu kakói á mannskapinn kveiktu þær Embla Dis Sigurðardóttir og Vigdís Katla Guðjónsdóttir, sem báðar urðu 6 ára þennan dag, á jóla­ljósunum. -gpp



## Flytingu framkvæmda á Suðurlandsvegi fagnað

Suðurlandsvegur milli Kamba og Selfoss er einn alhættulegasti vegarkafli landsins og því eru úrbætur á honum löngu tímabærar. Bæjarráð telur einboðið að ráðist verði í alla framkvæmdina, þar með talið frá Kömbum að Varmá eins fljótt og auðið er.

Á fundi bæjarráðs Hveragerðisbæjar þann 7. nóvember 2019 var lagt fram minnisblað frá bæjarstjóra þar sem rætt var um samgönguáætlun 2020-2024 en þar er gerð tillaga um flytingu mikilvægra samgöngubóta.

Í fimm ára aðgerðaráætlun sem fylgir samgönguáætlun er gert ráð fyrir að úrbótum á Suðurlandsvegi / hringveginum frá Kömbum að Biskupstungna­braut verði flýtt og þeim verði að fullu lokið á tímabilinu. Þar með taldar eru framkvæmdir við færslu hringvegarins neðan við Hveragerði frá Kömbum að Varmá.

Á fundinum fagnaði bæjarráð þeirri áherslu á bætt umferðarör-

yggi sem tillagan felur í sér og því frumkvæði sem Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra hefur sýnt í þessu mikilvæga máli.

Óumdeilt er að Suðurlandsvegur milli Kamba og Selfoss er einn alhættulegasti vegarkafli landsins og því er þessi framkvæmd löngu tímabær. Bæjarráð taldi því einboðið að ráðist yrði í alla framkvæmdina, þar með talið frá Kömbum að Varmá eins fljótt og auðið er.

Afgreiðslu bæjarráðs hefur verið komið á framfæri við ráðherra með þeirri einlægu ósk að landsmenn allir geti sem fyrst ekið um öruggan Suðurlandsveg.

## Vel heppnað jóla­bingó Kvenfélags Eyrarbakka

Fjölmenni var á jóla­bingói Kvenfélags Eyrarbakka að Stað, miðvikudaginn 20. nóvember sl.

Kvenfélagskonur á Eyrarbakka segja að það sé undravert hvað þeim er alltaf vel tekið hjá fyrirtækjum og einstaklingum, þegar þær koma og biðja um bingóvinninga.

„Það eru sömu fyrirtækin og einstaklingarnir sem taka okk-

ur vel, ár eftir ár. Svo eru það Eyrbekkingar og nærsveitungar sem koma og spila bingóið. Sem gerir það að verkum að við fáum góða innkomu. Kvenfélagið nýtur þess hvað samborgarar vilja gefa af sér til góðra mál­efna, sem aftur hvetur Kvenfélagskonur til dáða,“ segir Kristín Eiríksdóttir, formaður Kvenfélags Eyrarbakka. -gpp



## Jólagjöf undir jóla­tréð á Bókasafni Árborgar

Sjóðurinn góði úthlutar styrkjum fyrir jólin til einstaklinga og fjölskyldna sem eiga í fjárhagserfiðleikum.

Eins og undanfarin ár mun Kvenfélag Selfoss í samvinnu við Bókasafn Árborgar á Selfossi taka á móti jólagjöfum fyrir börn sem úthlutað verður til styrkþega Sjóðsins góða. Jóla­tréð verður í bókasafninu frá 28. nóvember.

Vegna umhverfissjónarmiða eru endurunnir, heimasaumað-



ir jólapokar undir jólagjafirnar fyrir þá sem vilja gefa gjöf undir jóla­tréð. Gefendur eru hvattir til að nýta þessa poka sem seldir til að nýta þessa poka sem seldir verða á 200 kr. Pokarnir eru eingöngu ætlaðir fyrir Sjóðinn góða. Merkispjöld verða á staðnum og merkja þarf gjafirnar með kyni og aldri eftir því sem við á.

Síðasti skiladagur jólagjafa á bókasafnið er 18. desember.

Bókasafn Árborgar og Kvenfélag Selfoss

## Ninna Sif valin sóknarprestur Hveragerðisprestakalls

Ninna Sif Svavarsdóttir var valin sóknarprestur Hveragerðisprestakalls í kosningu sem fram fór sl. þriðjudag. Prestakallið nær yfir Hveragerðiskirkju og Kotstrandarkirkju. Dagskráin hafði sam­band við Ninna Sif og spurði út í fréttirnar. „Þetta

er blendnar tilfinningar. Ég er þakklát fyrir traustið sem mér er sýnt með þessu. Jafnframt er ekki auðvelt að fara frá Selfossi og því góða starfi sem unnið er þar. Starfið leggst vel í mig og ég er full tilhlökkunar að takast á við það.“ -gpp



**Brrr...**  
Það er farið að kólna.  
Nú er rétti tíminn til að yfirfara og stilla hitakerfi og snjóbræðslur fyrir veturinn.

**PÍPULAGNIR HELGA**  
Selfossi - S. 699 1985 / 823 6656

snögg og góð þjónusta

**Rafverktakar · Verslun**  
**Öryggis-, myndavéla- og loftnetskerfi**

**Arvirkinn**

Neyðarsími 660 1160 Eyra­vegi 32 · Selfossi · Sími 480 1160  
www.arvirkinn.is

# JÓLASAGA DAGSKRÁRINNAR OG BÓKAKAFFISINS



Fjöl margar jólasögur bárust Dagskránni í fyrra. Nú á að endurtaka leikinn. Sagan þarf að vera örsaga, 500 – 1000 orð og umfjöllunarefnið þarf með einhverjum hætti að tengjast jólunum. Allir aldurshópar eru velkomnir til þess að taka þátt. Verðlaunin eru **vegleg bókaþjóf** frá Bókakaffinu og sagan verður birt í jólablaði Dagskrárinnar.

Sendu okkur söguna, ásamt nafni og síma, á dagskrain@prentmet.is, merkt „Jólasagan mín“, og þú ert komin(n) í pottinn!

Senda þarf myndina inn fyrir miðvikudaginn 4. desember 2019.



## Fullorðinsfræðsla og símenntun í höndum Sunnlendinga

Fyrir tuttugu árum; þann 28. ágúst 1999 gerðist sá merki atburður að Fræðslunetið var stofnað af félagsamtökum, fyrirtækjum stéttarfélagum og sveitarfélögum á Suðurlandi. Með því eignuðst Sunnlendingar formlegan fræðsluáðila sem ætlaður var til þess að styrkja einstaklinga á svæðinu til frekari starfsþróunar og menntunar.

Þótt tuttugu ár sé ekki hár aldur er þó vert að gefa gaum að þessu framfaraskrefi sem Sunnlendingar stigu í ágúst 1999. Í því ljósi var ákveðið að taka saman sögu Fræðslunetsins þessi ár sem liðin eru annarsvegar til þess að sem flestir gætu kynnt sér hvernig þessi starfsemi hefur þróast og þjónað Sunnlendingum og hinsvegar til þess að varðveita með formlegum hætti þessa sögu fullorðinsfræðslunnar í fjórðungnum.

Til verksins var fenginn Ásmundur Sverrir Pálsson kennari og fyrrverandi framkvæmdastjóri Fræðslunetsins til margra ára. Ásmundur hóf

verk sitt 2018 og dróg saman af nákvæmni og elju fjöldan allan af upplýsingum og skjölum til verksins. Í framhaldinu spanna hann þetta allt saman þannig að til varð samfelldur texti, sem síðar var myndskreyttur með gömlum sem nýlegum myndum úr starfseminni. Að lokum sá fyrirtækið *Kommastrik* um umbrot á handritinu, sem endaði í um 40 blaðsíðum.

Strax í upphafi vinnunnar var ákveðið að ekki yrði útbúin „bók“, heldur var áherslan á sögulega samantekt í rafrænum búningi, sem yrði öllum fri til aflestrar. Með slíku fyrirkomulagi gætu fleiri nálgast söguna og fræðst um Fræðslunetið. Handritið má nú finna á vefsvæði Fræðslunetsins [www.fræðslunet.is](http://www.fræðslunet.is) og er fólki frjálst að vista það hjá sér og deila til annarra.

Framtíðin verður ekki rýnd né skrifuð líkt og sagan sem að baki er. En saga Fræðslunetsins þau tuttugu ár sem liðin eru er eigendum og starfsfólki

þess hvatning til áframhaldandi góðra starfa. Í því ljósi er sannarlega mikilvægt að Sunnlendingar eiga sér ritaða sögu. Og sé sá stutti spölur sem sýnilegur er af löngum og duldu vegi framtíðarinnar skoðaður þá blasir við að hann er bjartur og hlaðinn viðfangsefnum.

*Eyjólfur Sturlaugsson,  
framkvæmdastjóri  
Fræðslunetsins, símenntunar á  
Suðurlandi*

### FRÆDSLUNETIÐ Í 20 ÁR

VÖXTUR OG VIÐGANGUR



ÁSMUNDUR SVERRIR PÁLSSON  
FRÆDSLUNETIÐ - SAMVIRKUN Á SUÐURLANDI

## Nissan Leaf SV 2017 til sölu

30kwh rafhlaða - 150 km drægni  
Bakkmyndavél - Varmadæluhitun  
Ný heilsársdekk - Hraðhleðsla  
Ekinn 33 þ. km



Upplýsingar í síma  
**892 2030**



DFS TV má finna inni á [DFS.is](http://DFS.is),  
fréttavef Dagskrárinnar.

Þar má finna sjónvarpsviðtöl við  
áhugaverða Sunnlendinga ásamt stuttum  
myndbrotum úr sunnlensku samfélagi.



## VEITINGAREKSTUR GOLFSKÁLA

Golfklúbbur Öndverðarness leitar að metnaðarfullum aðila til reksturs á veitingaþjónustu og þjónustu við félagsmenn okkar og gesti. Rekstrartímabilið er frá maí - sept ár hvert. Daglegur opnunartími golfskálans er að jafnaði frá 08-20 alla vikudaga sumarsins. Æskilegt er að viðkomandi sé matreiðslumaður og/eða hafi reynslu af veitingarekstri. Innsýn í golfheiminn og nálæg búseta er kostur.

Golfklúbbur Öndverðarness er stór og framsækinn golfklúbbur í Grímsnesi, stutt frá höfuðborginni. Í klúbbnum eru rúmlega 500 meðlimir og árlega eru leiknir um 12-14 þús. golfhringir hjá okkur.

Öndverðarnessvöllur er 18 holur og þjónar sívaxandi sumarhúsaþbyggð í Grímsnesi og nærsveitum. Völlurinn er í tæplega klukkutíma akstursfjarlægð frá Reykjavík og um 3.000 sumarhús eru innan 20 mínúta akstur-fjarlægðar. Golfskáli GÖ er gæsilegur með vel tækjum búið eldhús og veislusal sem tekur um 150 manns í sæti.

Nánari fyrirspurn beris til Sveins Steindórssonar framkvæmdastjóri í síma 863 8801 á dagvinnutíma eða á netfangið [gogolf@gogolf.is](mailto:gogolf@gogolf.is). Umsóknir ásamt ferilskrá berist á netfangið [gogolf@gogolf.is](mailto:gogolf@gogolf.is) fyrir 15. janúar 2020. Farið er með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

## Tilraunaverkefni með grenndarstöð innan sveitarfélagsins

Sveitarfélagið Árborg hefur nú tilraunaverkefni með fyrstu grenndarstöð innan sveitarfélagsins. Grenndarstöðin verður staðsett vestan við bílastæði Sunnulaekjarskóla. Grenndarstöðin er hugsuð sem yfirfall frá heimilum á bláu tunnuni og má koma með allan endurvinnanlegan heimilisúrgang. Á grenndarstöðinni gilda sömu reglur og um bláu tunnuna hvað varðar þá flokka sem má henda. Hægt er að nálgast nánari upplýsingar um flokkana á vefsíðu Árborgar sem og vefsíðu Íslenska gámafélagsins. Að auki er hægt að koma með smáhluti úr gleri og postulíni til endurvinnslu í grenndarstöðina í sérmerkt hólfi.

### Aukin þjónusta við íbúa sveitarfélagsins

Verkefnið snýst um að auka þjónustu við íbúa sveitarfélagsins, og mun standa í þrjá mánuði. Að

því búnu verður reynslan metin út frá athugasemdum frá íbúum, þjónustuaðila og starfsmönnum sveitarfélagsins auk þess sem reynslan af umgengni íbúa mun vega þungt. Ef vel tekst til, þá eru uppi hugmyndir um að bæta við grenndarstöðvum á fleiri staði innan sveitarfélagsins.

Biðlað er til íbúa og gesta að

ganga vel um stöðina og ekki skilja eftir endurvinnanlegan heimilisúrgang við stöðina ef hún er full, heldur tilkynna að það þurfi að losa í síma 480-1900. Starfsmenn þjónustumiðstöðvar munu vakta stöðina til að byrja með og út frá þeirri vöktun losunartíðni skipulögð.

-gpp



# BLACK FRIDAY

Tilboð fimmtudag til laugardags  
Úlpur, vesti, kjólar á 20% BLACK FRIDAY afslætti

Jólaínan frá Cult er komin í hús  
Túnukur, samfestingar, kjólar og sparileggings

**LINDIN**  
TÍSKUVERSLUN  
Eyraveggi 29 · Selfossi · Sími 482 1800  
tiskuverslun.is

Verið velkomin í Listasafn Árnesinga á


## Mmm...listakvöld

málið | myndlistin | músíkin

mánudaginn 2. desember kl.20

Árlegt samstarf Listasafnsins og Bókasafnsins í Hveragerði þar sem lesið er úr nýjum bókum, tónlist flutt og myndlist til skoðunar


Aðgangur ókeypis  
Piparkökur og kaffi



Andri Snær Magnason



Steinunn G. Helgadóttir



Harpa Rún Kristjánsdóttir



Ragna Sigurðardóttir



Steinunn Sigurðardóttir



Unnur Birna Björnsdóttir  
fiðluleikari og söngkona



Bergur Ebbe Benediktsson



Austurmörk 21 | 810 Hveragerði | Sími 483 1727 | www.listasafnarnesinga.is



Bókasafnið í Hveragerði

## LJÓSMYNDASAMKEPPNI

Sendu okkur **jólamynd** og þú gætir unnið glæsileg verðlaun!

Sigurvegariinn fær að verðlaunum glæsilega **Canon EOS M100** myndavél ásamt því að fá sigurmyndina birta á forsíðu **jólablaðs Dagskrárinnar** 11. desember nk.

Sendu okkur myndina, ásamt nafni og síma, á dagskrain@prentmet.is, merkta „Jólamyndin mín“, og þú ert komin(n) í pottinn!

Sendu þarf myndina inn fyrir sunnudaginn 8. desember 2019.

### Canon EOS M100

spjalllaus myndavél með EF-M 15-45mm f/3.5-6.3 IS linsu

- 24,2 megapíxla CMOS myndflaga.
- Wi-Fi, NFC, Bluetooth.
- Full HD í 60p vídeó.



Verðmæti  
74.900 kr.

origo.

DAGSKRÁIN  
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

# Spútnikbandið frá Þorlákshöfn með glæsilega jólatónleika

Þegar maður hugsar um lúðrasveit sér maður fyrir sér rigningarblautan búning skreyttan kögri, internationalinn á blásti út í tómið og blankskórinn mars era pollana hvern á fætur öðrum meðan blásarinn blæs lafmóður í rörið með kalda fingur í þeirri von að halda uppi stemningu á degi verkalyðsins. Það er, lesandi góður, algerlega liðin tíð. Það er búið að afsanna þessa staðalmynd. Spútnikbandið Lúðrasveit Þorlákshafnar sagði henni stríð á hendur og er búið að sigra á þeirri vegferð. Bandið tók flugið með samstarfi sínu við Jónas Sig hér um árið og hefur ekki lent síðan. Við kíktum á æfingu hjá LÞ og tókum þau tali, hvað það er að vera í lúðrasveit og hvernig lúðrasveitin mun lifa áfram.



að fólk dregst að og vill hvergi annarstaðar vera. Eins og áður kom fram hefur LÞ þetta aðdráttarafl. Við spurðum Ágústu út í það. „Andinn er frábær. Þess vegna gengur þetta alltaf. Ég tek gjarna sem dæmi að ég flutti til Þorlákshafnar með mömmu og pabba þegar ég var 13 ára. Lúðrasveitin var stofnuð nokkru seinna. Um tvítugsaldurinn dusta ég rykið af hljóðfærinu og fer að spila. Svo fer ég í háskóla og verð einmitt þessi félagi sem keyri á æfingar. Svo hætti ég um tíma í sveitinni því ég bjó ekki í Þorlákshöfn í tuttugu ár en hélt alltaf kontakt við fólkið og sveitina. Þetta var fastapunkturinn hér því þetta var svo frábær félagskapur. Þegar ég flyt svo aftur fyrir 13 árum með mína fjölskyldu þá var það það fyrsta sem ég gerði að fara í sveitina. Félagsskapurinn er svo góður og svo algerlega aldursbilslaus. Það eru krakkar frá 15 ára aldri og upp í 60+ sem eru virkir meðlimir í sveitinni. Það er líka þannig að í svona félagskap er pláss fyrir alla,“ segir Ágústa.

„Það er mismunandi hvar við höggvum niður hverju sinni, en í ár ætlum við að fara í jólatónleikabransann. Um árabíl vorum við með nýrstaðleika en við sleppum þeim þetta árið. Það er akkúrat þetta, eins og ég kom inn á áðan, sem drífur okkur áfram. Uppskeran hefur verið svo algerlega þess virði og gefur okkur svo mikið. Það lifnar yfir Ágústu þegar hún ræðir um jólatónleikana og hvað liggur þeim að baki. Það er hvergi til sparað. „Þegar við erum að velja okkur viðfangsefni, eins og jólatónleikana, þá förum við ekki bara beint og kaupum nótur sem eru til. Meira en helmingur af þeim lögum sem við komum til með að spila á jólatónleikum í ár eru útsett sérstaklega fyrir okkur og söngvarana Guðrúnu Gunnars og Jógvan sem verða með okkur. Tónlistin er þá sérsniðin að þeim röddum sem sveitin hefur upp á að bjóða ásamt því að vera skrifuð fyrir raddsvið söngvaranna. Það kemur beint fram í gæðum tónleikanna þannig að eftir því er tekið. Aðspurð að því hvar hlýða má á herlegheitin segir Ágústa: „Tónleikarnir *Jól við hafid* verða haldnir laugardaginn 30. nóvember nk. Það er um að gera og tryggja sér miða. Þeim fer fækki -*gpp*

## Heillandi viðburðir skipta máli til að halda neistanum

Griðarlega metnaðarfullt starf er unnið hjá Lúðrasveit Þorlákshafnar. Sveitin hefur kynngi magnað aðdráttarafl. Lúðrasveitir almennt hafa átt undir högg að sækja á undanförunum áratugum. Þrátt fyrir það heldur LÞ sínu, og vel það með 35 manns á öllum aldri innanborðs. Það kveður svo rammt að þessu að á hverju fimmtudagskvöldi láta sumir meðlimir sig hafa það að renna yfir þrengslin á æfingu. Hver er galdurinn? „Það er heilmikil vinna að halda neistanum hjá fólki og halda úti þannig starfi að unga fólkið komi alltaf og það verði þessi endurnýjun sem þarf. Við höfum farið þá leið í því að bjóða krökkum sem eru að klára tíunda bekk og með miðstigi í hljóðfæraleik að ganga til liðs við okkur fullorðna fólkið. Svo er það líka hluti af þessu að vera með heillandi viðburði eins og t.d. í fyrra. Þá vorum við t.d. með brassrokk þar sem Eypór Ingi og Árni Baldur úr Skálmöld voru með okkur. Yngra fólkinu finnst gaman að kynnast tónlistarfólkinu. Þetta verður líka svo stórt og spennandi. Svo mikið alvöru. Það viðheldur neistanum hjá sveitinni,“ segir Ágústa Ragnarsdóttir, formaður Lúðrasveitar Þorlákshafnar.

## Andinn er frábær. Þess vegna gengur þetta alltaf

Í starfi eins og lúðrasveit myndast ákveðin stemning. Oft er það einmitt hún sem verður til þess

## Uppskeran er það sem fær okkur til að halda áfram

Að minnsta kosti einu sinni á hverju ári eru haldnir risa tónleikar á vegum sveitarinnar.

## Dagur íslenskrar tungu í Vallaskóla

Í Vallaskóla er hefð fyrir því að eldri borgarar heimsæki nemendur á yngsta stigi í tengslum við Dag íslenskrar tungu og lesi fyrir þá sögu. Þökkuðu nemendur í 1. og 2. bekk fyrir lesturinn með því að syngja Íslenskuljóðið (Á íslensku má alltaf finna svar). Nemendur hafa verið að læra textann og unnið með erfið orð úr honum. Er þetta verkefni ætlað að efla orðaforða nemenda í 1. og 2. bekk.



Ég vil byrja á því að þakka Bergrúnu vinkonu minni fyrir þessa líka frábæru áskorun. Ég ætla að hafa þetta einfalt og setja einungis tvær uppskriftir; aðalrétt og eftirrétt. Ég er ekki hlynnt því að eyða tíma í forrétt, því það verður að vera nóg pláss fyrir aðalréttinn. Mestu máli skiptir þó að nóg pláss sé fyrir eftirréttinn. Ósk Bergrúnar var að fá uppskrift að skúffuköku en það verður að bíða betri tíma.



Kolbrún Bergmann Gílsdóttir

## Kókosbollubomba með Daim-rjóma og karamellu:

- 3 stykki tvöföld Daim 500 ml rjómi
- 1 stykki marengs að eigin vali (tílbúinn er voða einfalt og þægilegt)
- 4 kókosbollur
- 10 Dumle-karamellur
- Ber og ávextir til skrauts

Saxið Daim-ið mjög smátt eða notið matvinnsluvél. Marengsinn er svo brotinn niður í eldfast mót og kókosbollum klínt vel yfir. Þeyta rjóma (skilja eftir 2 msk. fyrir sósunu). Svo er Daim-inu hrært saman við rjómann, varlega samt. Daim-rjóminn borinn á kókosbollunum. Veljið ykkur síðan ávexti og ber sem ykkur þykja góð. Ég er yfirleitt með jarðarber, bláber og hindber.

Svo er það yndislega karamellusósan. 10 Dumle-karamellur settar í pott ásamt afgangsrjómanum og það brætt saman við vægan hita. Sósan er svo borin á bombuna þegar hún hefur kólnað örliðið (svo rjóminn bráðni ekki). Þetta þarf ekki að vera flókið. Njótið!

## Skólástjórásúpa:

- 3-4 msk. olía
- 1 1/2 msk. karrý
- 1 heill hvítlaukur
- 1 blaðlaukur
- 1 rauð paprika
- 1 græn paprika
- 1 lítið blómkálshöfuð
- 1 lítið brokkolíhöfuð
- 1 flaska Heinz chilísósa
- 1 1/2 lítri kjúklinga- eða grænmetissoð
- 400 gr. rjómaostur
- 1 peli rjómi
- 4 kjúklingabringur
- Salt og pipar

Grænmetið skorið og steikt ásamt karrýinu. Chilísósa og soð sett í pottinn ásamt rjómaosti og rjóma. Hrært vel í á meðan suðan kemur upp. Kjúklingabringurnar kryddaðar og steiktar, skornar í bita og settar út í súpuna rétt áður en hún er borin fram.

Fanney Úlfarsdóttir, það er komið að þér mín kæra. Fanney er afskaplega flink við að möndla við allskyns hráefni og galdra fram einhverja dásemd í eldhúsinu. Ég treysti því að þið verðið ekki svikin í næsta blaði.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dagskrain@prentmet.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

**DAGSKRÁIN**  
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Dagskráin, Eyraveggi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, fax 482 2835, dagskrain@prentmet.is.  
Ritstjóri: Gunnar Páll Pálsson, sími 856 0673, gunnar@prentmet.is.  
Auglýsingar: Katla Harðardóttir, sími 482 1944, katla@prentmet.is

Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi. Allt efni og auglýsingar berist í Prentmet, Eyraveggi 25, Selfossi, fyrir hádegi á mánudögum. Upplag 9700 eintök.  
Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X  
Svansmerkið, Prentgripur, 1041 0858

Vísnaátur-höf. Páll Jónasson - Útg. Bókaútgáfan HÓLAR

# Gáta vikunnar

Þökin á bæjunum ber ég.  
Bestur í sortinni er ég.  
Græna gróðurinn bar ég.  
Guð feðranna var ég.

Svar við gátu í blaði 2525: **HNÚTUR.**  
1. lína: Hnútur á hálsbindi - 2. lína: Reipahnútar  
3. lína: Línuhnútur - 4. lína: Hnútur (vindhraði)

**DFS.IS**  
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Ertu að leita að vinnu á Suðurlandi?

## Ný störf auglýst í hverri viku!

[www.dfs.is/atvinna/](http://www.dfs.is/atvinna/)

# SVARTUR FÖSTUDAGUR 29. NOVEMBER

**25%**

**AEG**  
HELLUBORD

949 597 378

STÁL  
VERÐ ÁÐUR 104.900,-  
NÚ 73.430,-



**SAMSUNG**  
KÆLISKÁPAR

**30%**

**SAMSUNG**

**55"**  
VERÐ ÁÐUR 169.900,-  
NÚ 123.405,-

**65"**  
VERÐ ÁÐUR 229.900,-  
NÚ 159.781,-

SAJE55RU7445UXXC

SARB3VR100WW/EE

**25%**

OFN

944 188 169

**AEG**

**Tefal**

**30%**

POTTAR  
OG PÖNNUR

**QLED**  
2019

110.000  
kr. afsl.

**SAMSUNG**

VERÐ ÁÐUR 359.900,-  
NÚ 249.900,-

**Q70**  
**QLED**  
2019

65"

SAQE65Q70RATXXC

**20%**

**AEG**  
RYKSUGUR

**30%**

**SAMSUNG**

SAHW-M460/XE

SOUNDBAR  
VERÐ ÁÐUR 59.900,-  
NÚ 39.953,-

**SAMSUNG AEG Tefal QLED**  
2019

**EKKI MISSA AF STÆRSTU  
TILBOÐSVEISLU ÁRSINS!**



**ORMSSON**

Eyrarvegi 32 - Selfossi - Sími 480 1160 - www.arvirkinn.is  
OPIÐ Á LAUGARDAGINN 29. NOVEMBER KL. 10-16

## Jólamarkaður VISS

Við opnum jólamarkaðinn okkar  
29. nóv kl. 11 - 16.

Jólamarkaðsstemning hjá okkur á  
VISS alla daga frá kl. 8:30-16 eftir það.

Kaffihúsið okkar verður opið frá kl. 13 -15:30  
alla fimmtudaga til jóla.

**Þjóðum alla velkomna til okkar.**

Kveðja, starfsfólk VISS.



## Desember er uppskeruhátíð hjá Jórúkórnum

Jórúkórinn hefur á undanförnunum árum tekist á við fjölmörg og fjölbreytt verkefni. Meðlimir kórsins fagna hverskyns áskorunum á tónlistarsviðinu. Íslenskar dægurlaga-perlur, þjóðlög, popplög og klassísk tónlist eru dæmi um hvað kórinn hefur tekið sér fyrir hendur. Seinasta vor fundu meðlimir aftur barnið í sér við flutning á vinsælum lögum úr Disney-myndunum. Þá var öllu tjaldað til og haldnir voru tvennir tónleikar fyrir fullu húsi þar sem ungir sem aldnir nutu þess að hlusta á lög sem flestir könnuðust við.



betur og hafa gaman. Kórinn er með æfingardag á hverri önn og endar hann oftast á að kórmeðlimir borða saman góðan mat og skemmta sér saman," segir Árdís hjá Jórúkórnum.

og hátíðleg lög og sálmar sem kórinn hefur æft af kappi í haust. Miðaverð á tónleikana er stillt í hóf.

### Glæsileg dagskrá á jólatónleikunum

Desember er uppskerumánuður haustvertíðarinnar hjá kórnum. Í samtali við Árdís hjá Jórúkórnum kemur fram að: „Jórúkórinn heldur tvenna tónleika á aðventunni, þann 4. desember í Skálholti og 11. desember í Hveragerðiskirkju. Báðir tónleikarnir hefjast kl. 20. Á efnisskrá tónleikanna verða tónverkið Gloria eftir Vivaldi

### Fjaröflun til styrktar landsmótsferð kórsins

Landsmót kvennakóra verður haldið í Reykjavík næsta vor. „Það er mikilvægur liður hjá okkur í fjaröflun fyrir starf kórsins að halda kókubasar. Basarinn verður í Krónunni á Selfossi laugardaginn 30. október frá kl. 10 – 18:30. Á basarum verða ýmiskonar kræsingar til sölu á góðu verði sem kórmeðlimir hafa útbúið, eflaust syngjandi á meðan," segir Árdís að lokum. -gpp

**DFS.is**  
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Ertu að leita að vinnu á Suðurlandi?

Ný störf auglýst í hverri viku!


[www.dfs.is/atvinna/](http://www.dfs.is/atvinna/)

### Kórinn starfandi í yfir 20 ár

Það eru 40 söngelskar konur víða af Suðurlandi sem skipa kórinn. Í Jórúkórnum er góð stemning og alltaf ríkir mikil gleði á vikulegum æfingum. Nýir meðlimir eru teknir inn að hausti og er dagskrá vetrarins fjölbreytt. „Nýir meðlimir eru boðnir velkomnir í kórinn með svokallaðri „þjöppu“ en þá gefst tækifæri á að kynnast

## Árborg fyrst sveitarfélaga á Suðurlandi til að hljóta jafnlaunavottun

Árborg er fjórða sveitarfélagið á Íslandi til að hljóta jafnlaunavottun og hið fyrsta á Suðurlandi. Í samtali við Gísla Halldór Halldórsson, bæjarstjóra Árborgar kemur fram: „Það er ástæða til að þakka starfsfólki sveitarfélagsins að þessi vottun er nú í höfn, því mikil vinna liggur að baki. Verkefnið hófst í lok árs 2018 og hefur Ólöf Jóna Tryggvadóttir, nýr mannauðsstjóri sveitarfélagsins, leikið lykilhlutverk í verkefninu. Fjölmargir aðrir hafa komið að verkinu og hafa launadeild, sviðsstjórar, forstöðumenn og fleira starfsfólk lagt sitt af mörkum til að ná þessum árangri.“



### Fagilltur vottunaraðili tekur jafnlaunakerfið út

Í vottuninni felst staðfesting á því að hjá sveitarfélaginu sé fyrir hendi jafnlaunakerfi samkvæmt kröfum jafnlaunastaðals. Með

jafnlaunakerfinu má tryggja jafnræði í launaákvörðunum og að reglubundið verði fylgst með því að starfsfólk í sambærilegum störfum hafi sambærileg laun, óháð kynferði. Þetta reglubundna eftirlit þýðir að verkefninu er engan veginn lokið og lýkur í raun aldrei alveg. Meginmarkmið

jafnlaunavottunar er að vinna gegn kynbundnum launamun og stuðla að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði. Fagilltur vottunaraðili metur hvort öll skilyrði staðalsins hafi verið uppfyllt og í tilfelli Árborgar var það BSI á Íslandi sem sá um matið og vottunina. -gpp

## Vörðufell óskar eftir smiðum í vinnu sem fyrst

### Næg verkefni framundan.

Vörðufell er bæði með starfsstöð á Selfossi og í Reykjavík. Inni- og útivinna. Góður aðbúnaður. Starfsmannafélag, námskeið – endurmenntun ofl. ofl.

Nánari upplýsingar í síma 898 1589, Unnar, eða netfang [unnar@vordufell.is](mailto:unnar@vordufell.is).

**Vörðufell**

## Drög að tillögu að matsáætlun

### Framleiðsla vetnis og metans við Hellisheiðarvirkjun

Hafið er mat á umhverfisáhrifum fyrir framleiðslu vetnis og metans við Hellisheiðarvirkjun.

Nordur Renewables Iceland ehf. er framkvæmdaraðili verksins en mat á umhverfisáhrifum er unnið af Mannviti hf. Drög að tillögu að matsáætlun framkvæmdarinnar eru nú til kynningar á vef Mannvits, [www.mannvit.is](http://www.mannvit.is).

Óskað er eftir athugasemdum og ábendingum almennings og er frestur til **13. desember 2019**

Athugasemdir og ábendingar skulu sendar á netföngin: [audur@mannvit.is](mailto:audur@mannvit.is) og [gudmundur@nordurpower.is](mailto:gudmundur@nordurpower.is).

**norður**

**Black Friday er á föstudaginn**

**Tilboð sem fá Grinch til að versla**

**HEIMILIÐ OG JÓLIN**

Austurvegi 65, Selfoss

# Viltu taka vaktina í Heilsuhúsinu?

Við leitum að sjálfstæðum og skipulögðum starfsmanni með ríka þjónustulund í sölu- og afgreiðslustarf

## Starfssvið:

Almenn afgreiðslustörf og ráðleggingar til viðskiptavina okkar um kaup á vörum verslunarinnar.

Um er að ræða skemmtilegt og fjölbreytt starf á líflegum vinnustað þar sem í boði eru samkeppnishæf laun og gott vinnuumhverfi.

Viðkomandi starfsmaður mun starfa í Heilsuhúsinu og auk þess við afleysingar í Lyfju.

Starfstími er 6 mánuðir með möguleika á áframhaldi.

## Hæfniskröfur:

- Rík þjónustulund
- Áhugi á mannlegum samskiptum
- Jákvæðni og gott viðmót
- Geta til að starfa undir álagi
- Reynsla af verslunarstörfum er skilyrði

## Vinnutími:

- Mánudagar og föstudagar frá kl. 14 - 18.
- Þriðjudagar og fimmtudagar frá kl. 16 - 18.
- Annan hvern laugardag.
- Starfstími eru 6 mánuðir með möguleika á áframhaldi.

Allir umsækjendur þurfa að hafa ágæta íslensku- og enskukunnáttu og vera að minnsta kosti 18 ára.

Nánari upplýsingar veitir Hrefna Hrafnadóttir - [hrefna@heilsuhusid.is](mailto:hrefna@heilsuhusid.is)

Umsóknarfrestur er til og með 15. desember.

Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál.



**Búslóðaflutningar og vörudreifing**  
Sendibílar Suðurland 820 3880, Tómas



**Jólatréssalan**  
**Snæfoksstöðum 2019**



Opið 7 og 8, 14 og 15., og 21,22 og 23 des.  
Opið kl 11-16.

Veljið ykkur tré af Jólatorginu (fura og blágræn) eða höggið ykkar eigin jólafuru í Jólaskóginum.

Sejum einnig: furugreinar, arinvið og hin sívinsælu trópputré.  
Ketilkaffi á bálinu, lummur í skemmuni.

Staðsetning: erum vel merkt rétt neðan við Kerid í Grímsnesi. Aðeins eigin framleiðsla.

Skógræktarfélag Árnesinga 864 1106.  
www.Skogarn.is

Jóla-Bjarni er kominn á stjá.



**Laus staða leikskólakennara**

**Eftir áramót er laus staða leikskólakennara við leikskóladeild.**

Bláskógaskóli Laugarvatni er samrekin leik- og grunnskóli með 74 nemendur. Leikskóladeildin horfir til Reggio Emilia í starfi sínu. Það er lögð rík áhersla á lýðræði, samvinnu, útinám og samstarf milli skólastiga. Því eru þeir kostir sem við leitum að hjá kennara að hafa einlægan áhuga á börnum, námi þeirra og þroska og að barnið sé ávallt sett í fyrsta sæti.

#### Við leitum að einstaklingi sem:

- Hefur brennandi áhuga á útinámi og útiveru
- Er jákvæður og spenntur fyrir samstarfi
- Langar að þróa sig í starfi
- Tekur jákvætt undir hugmyndir barna
- Elskar að fara út í sama hvaða veðri sem er
- Er bógóður og til í að prófa sig áfram í starfi
- Á auðvelt með að aðlagast breytingum.

Við leggjum áherslu á að starfsmenn vaxi í starfi og að áhugi þeirra og gleði fái að njóta sín sem skilar sér í góðum samskiptum. Mikilvægt er að viðkomandi geti hafið störf strax á nýju ári eða frá næstu áramótum 2020. Við erum að leita að einstaklingi sem getur unnið 100% starf.

Hlökkum til að taka á móti áhugaverðum umsóknum. Horft er til meðmæla og reynslu ef ekki fæst menntaður leikskólakennari. Sendið umsóknir og fyrirspurnir endilega á netfang: elfa@blaskogaskoli.is eða hafið samband símleiðis, 480 3030 til að fá frekari upplýsingar.

#### Umsóknarfrestur er til 13. desember 2019.



## Blómasmekkur

Alberte er einkar fallett lífrænt bómullargarn frá Permin sem mjög gaman er að vinna úr. Uppskrift vikunnar er af smekk sem er heklaður í hring og minnir á blóm. Garnið er drjúgt og ein dokka ætti að nægja í 4 smekki. Garnið fæst í fjölda fallegra lita og vel má útfæra smekkin í tveimur eða fleiri litum.

**Efni:** 1 dokka Alberte lífræn bómull, heklunál nr. 2,5, ein tala.

**Skammstafanir:** ll - loftlykkja, kl - keðjulykkja, fl - fastalykkja, st - stuðull.

#### Uppskrift.

1. umf. Heklið 6 ll og tengið í hring með 1 kl.
2. umf. Heklið 14 fl um loftlykkjuhringinn
3. umf. Heklið 1 st í hverja fl fyrri umferðar og 1 ll á milli stuðla, endurtakið allan hringinn.
4. umf. Heklið 2 st í hvern loftlykkjuboga og 3 ll á milli, endurtakið allan hringinn.
5. umf. Heklið 3 fl í hvern loftlykkjuboga allan hringinn.
6. umf. Heklið tvískipta stuðla í 1. og 3. fl fyrri umferðar, 2 ll á milli, fyrri hluti næsta tvískipta stuðuls stingst í sömu 1 og seinni hluti fyrri tvískipta stuðuls. Endurtakið allan hringinn. Þá eiga að vera 21 tvöföld stuðlapör í hringnum.
7. umf. Heklið 3 fl í hvern ll boga.
8. umf. Heklið 1 st í hverja fl, alls 51 stuðul. Athugið að ekki er heklað allan hringinn.
9. umf. Nú er snúid við og heklað fram og til baka. Heklið 1 st í fyrsta st, 2 st í næsta, 1 st í næstu 3 st, og áfram 2 st í 4. hvern stuðul fyrri umferðar. Alls 62 stuðlar.
10. umf. Snúid við og heklið eins og í 9. umf. Fyrsta útaukning er í 5. stuðli og nú eru 4 st á



milli útaukninga. Alls 73 stuðlar

11. umf. Snúid við og heklið tungur, 7 st í 3. st frá nálinni, hoppið yfir 2 st og heklið 1 kl í næsta st, endurtakið út umferðina. Heklið 42 ll, snúid við og heklið 1 st í hverja ll. Endið á 1 kl í st fyrri umferðar.
12. umf. Snúid við og heklið 1 fl í hvern stuðul, alls 31 sinnum, heklið 3 ll, hoppið yfir 3 st, 4 fl í næstu 4 st, 3 ll, hoppið yfir 3 st, 2 fl.
13. umf. Snúid við og heklið 1 st í hvern stuðul og hverja ll.

Klippid garnið frá, gangið frá endum, festið eina fallesta tölu gegnt hálsólinni, skolið úr mildu sápuvatni og færið litlu slefara að gjöf.

Uppskrift: Þóra Þórarinsdóttir.



**Hannyrðabúðin**

Eyravegi 23, Selfossi // 555-1314



## Hafa skal það sem sannara reynist

SKrif bæjarfulltrúans Tómasar Ellerts í síðustu Dagskrá vekja furðu. Framsetning hans á því hvernig hægt er að fá hálf knatthús án virðisaukaskatts, er með ólíkindum. Til upplýsingar fyrir þá er vilja vita, þá gengur þetta svona fyrir sig:

Sveitarfélagið á fasteignafélag sem fer í framkvæmd og hún kostar x milljónir kr. með vsk.

Fasteignafélagið þarf að greiða verktökum með vsk. Fasteignafélagið fær vsk. af byggingarkostnaði endurgreiddan á framkvæmdatíma.

Við verklok leigir fasteignafélagið sveitarfélaginu eignina með virðisaukaskatti.

Leigufjárhæðinni er stillt upp með þeim hætti að full endurgreiðsla virðisaukaskatts takist á 20 árum.

Virðisaukaskatturinn hverfur því ekki, heldur er honum skilað til baka í ríkiskassann með vísitöluálagi á 20 árum.

Amma mín sagði mér í mínu uppeldi að maður ætti ekki að skrökva og laga til

sannleikann sér í hag og fegra staðreyndir. Það er góð regla sem nauðsynlegt er að hafa í huga, ekki síst fyrir þá sem eru kjörnir til að gæta hagsmuna almennings.

Því hefur aldrei verið svarað hvernig meirihlutinn ætlar að fjarmagna þetta hálf knatthús. Margsinnis hefur verið spurt um það og bókað í bæjaráði og bæjarstjórn. Svörin eru frekar rýr. Meirihlutinn hefði átt að koma með áætlun um það hvernig fjarmagna á verkefnið. Þetta veldur bæjarfulltrúum D-lista áhyggjum á meðan uppbyggingu fyrir grunnþjónustu er ekki sinnt.

Bæjarfulltrúar D-lista hefðu viljað sjá leikskólann rísa og vera kominn í gagnid nú eins og til stóð, en nei, það frestast um tvö ár eða til ágúst 2021, sama á við um grunnskólabygginguna, hún frestast um 4 ár, er á áætlun á haustönn 2023. Sorglegt, því grunnþjónusta er grunnurinn fyrir fjölgun íbúa.

Gleðilegt var að sjá tekna skóflustungu að nýju



Gunnar Egilsson, bæjarfulltrúi D-lista.

hjúkrunarheimili á dögunum. Mikil vinna liggur að baki því að ná því verkefni fram. Á vettvangi sunnlenskra sveitarfélaga lögðu margir sitt lóð á vogarskálarnar þegar barist var fyrir uppbyggingunni, bæði á vegum SASS og Héraðsnefndar Árnesinga. Ég vil þó sérstaklega nota tækifærið og þakka þeim Ástu Stefánsdóttur og Ara B. Thorarensen fyrir þá óeigingjörnu vinnu sem þau lögðu af mörkum svo þetta verkefni næði fram að ganga. Þetta verður mikið framfaraspör fyrir Suðurland til framtíðar.



## Jólabingó Kvenfélags Grímsneshrepps – takk fyrir komuna



Kvenfélag Grímsneshrepps hélt sitt árlega jólabingó laugardaginn 23. nóvember sl. Það var fullt út úr húsi og varla laust sæti. Söfnuðust 300.000 kr. sem rennur óskert í Sjóðinn góða. Sjóðurinn góði er samstarfsverkefni ýmissa félagasamtaka í Árnessýslu

sem hefur þann tilgang að veita aðstoð fyrir jólahátíðina til handa þeim sem ekki eiga fyrir nauðpurftum.

Kvenfélagskonur þakka fyrir góða þátttöku og stuðning við þarft málefni fyrir jólahátíðina.

Jólakveðja,  
Kvenfélag Grímsneshrepps.

## Upplestur úr jólabókum á fimmtudagskvöld

Hildur Hákonardóttir og Sigríður Helga Sverrisdóttir góðra gesta sem koma á ljóðum Piu Tafdrup, í Bókakaffið á Angrímur Vídalín sem les úr Gráskinnu, Pedro Gunnlaugur Carcia sem les úr Húsið verður opnað klukkan 8 en lestur hefst hálf tíma síðar og stendur aðeins í klukkustund. Á eftir gefst tækifæri til skrafs við skáldin og að vanda mun kakó ylja gestum.

Auk fyrirtalinnna mæta hér Þórdís Þúfa Björnsdóttir sem les úr bók sinni Sólundur,



Sigríður Helga Sverrisdóttir les úr Gráskinnu, Pedro Gunnlaugur Carcia sem les úr Húsið verður opnað klukkan 8 en lestur hefst hálf tíma síðar og stendur aðeins í klukkustund. Á eftir gefst tækifæri til skrafs við skáldin og að vanda mun kakó ylja gestum.

Bók Hildar Hákonardóttur heitir Hvað er svona merkilegt við það að vera biskupsfrú og Sjón les úr skáldsögu sinni Korngult hár og grá augu.

## Endurvinnsla er dyggð sagð'ann

Lesandi Dagskrárinnar sendi Lokkur mynd af fállegum þakka þar sem gjafaumbúðirnar eru úr Dagskránni. Móttakandi þakkaði þessum með fingurna í fjárbúskap og myndin átti því vel við. Við á Dagskránni hvetjum lesendur til að senda okkur myndir af því hvernig þeir endurnota pappírinn úr Dagskránni með skemmtilegum hætti eins og hér er gert.

Umhverfisvænn pappír og svansvottuð prentsmiðja

Dagskráin er prentuð á umhverfisvottaðan pappír og prentfarvinn er umhverfisvottaður. Prentmet Oddi, sem prentar Dagskrána, er svansvottuð prentsmiðja sem leggur sig fram um að lágmarka neikvæð áhrif á umhverfi og heilsu í starfsemi sinni. Allur pappír er fullnýttur eins og hægt er. Það sem ekki nýttist fer til endurvinnslu hjá endurvinnslufyrirtækjum. Við hvetjum að sjálfsögðu alla að setja Dagskrána til endurvinnslu eftir lestur eða endurnota hana með



skemmtilegum hætti eins og hér. -gpp

## Bókaupplestur & jólasýning í Húsinu

Sex rithöfundar lesa úr verkum sínum í Húsinu á Eyrarbakka sunnudaginn 1. des. kl. 16-18.

Sjón les úr skáldsögu sinni **Korngult hár, grá augu**, Einar Már Guðmundsson les úr ljóðabókinni **Til þeirra sem málið varðar**, Margrét Sveinbjörnsdóttir kynnir og segir frá **100 ára afmælisriti Kvenfélags Grímsneshrepps**, Auður Hildur Hákonardóttir kynnir bók sína um **biskupsfrúnar í Skálholti**, Harpa Rún Kristjánsdóttir kynnir og les úr verðlaunaljóðabók sinni **Eddu** og Guðmundur Brynjólfsson les úr skáldsögunni **Þögla barnið**.

Jólasýning Byggðasafns Árnesinga verður opin kl. 14-17 þann 1. des og helgarnar 7.-8. og 14.-15. des. **Björgvín orgelsmiður leikur jólalög á lírukassa 8. des.** og sönghópurinn **Lóur kemur og syngur 15. desember kl. 15.** Hópar eftir samkomulagi. Aðgangur ókeypis. Nánar á [www.byggdasafn.is](http://www.byggdasafn.is)

Opnunartímar: 1. maí - 30. sept. alla daga kl. 11-18 eða eftir samkomulagi | sími: 483 1504 & 483 1082 info@byggdasafn.is | [www.byggdasafn.is](http://www.byggdasafn.is)

BYGGÐASAFN  
ÁRNESINGA

## Harmonikufréttir

Harmonikufélag Rangæinga og Harmonikufélag Selfossi eru að hefja sitt fjórða ár samstarfs og samvinnu. Allt frá haustinu 2015 hafa þessi tvö félög æft sameiginlega einu sinni í viku til skiptis á Selfossi og Hellu og komið sameiginlega fram við hin ýmsu tækifæri m.a. á Landsmóti Harmonikuunnenda á Ísafirði 2017 þar sem þau gátu sér gott orð fyrir skemmtilegt lagaval og góða spilamennsku. Þau hafa einnig staðið fyrir útihátíð á Borg í Grímsnesi í byrjun júní síðastliðin þrjú ár og stefnt er að einni slíkri útilegu á næsta ári. Þar verður líf og fjör ef að líkum lætur, og veðurspáin er góð. Hin landskunna sveitaballadrottning Hjördís Geirs hefur einnig komið fram með þeim við góðar undirtektir viðstaddir. Þann 17. nóv. sl. var haldin harmonikumessa í Krosskirkju í Austur-Landeyjum þar sem félögin komu fram í fyrsta skipti undir nafninu „Harmonikusveit Suðurlands“. Harmonikumessan þótti takast með ágætum og stefnt er að annarri slíkri síðar, og á heimleiðinni var komið við á

Kirkjuhvoli á Hvolsvelli þar sem spilað var við góðar undirtektir og ómælt þakklæti heimilisfólks. Hugmyndin með þessari nýju nafngift hljómsveitarinnar er að skerpa enn frekar á samvinnu þessara tveggja nágrannaharmonikufélaga. Sunnudaginn 1. des. nk. verður haldin harmonikuskemmtun og dansleikur á Hótel Selfossi kl. 16:00-18:00 þar sem sveitin kemur fram ásamt Hjördísi Geirs og fleira góðu fólki. Fyrstu helgina í júlí á næsta ári verður haldið landsmót Sambands íslenskra harmonikuunnenda í Stykkishólmi og þangað stefnir Harmonikusveit Suðurlands með fríðan flokk karla og kvenna og verður hluti dagskrár sunnlensk lög, bæði gömul og ný. Æft er á miðvikudagskvöldum kl. 19:00-22:00 í Vallaskóla á Selfossi eða Menningarsal Oddasóknar á Hellu og er félagskapurinn opinn öllum áhugasömum unndum harmonikutónlistar. Hafa má samband við formenn félaganna, Dodda á Selfossi í síma 894 1286 eða Harald hjá Rangæingum í síma 893 4578.

## STÚDÍÓ SPORT

SKREFINU LENGRA

Stúdíó Sport er tveggja ára!

Við viljum þakka fyrir auknar viðtökur á þessu ári og af því tilefni verðum við með fullt af tilboðum **þriðjudaginn 3. desember næstkomandi.**



Við endum svo daginn kl. 20:00 með Arnari Péturssyni sem ætlar að kynna nýju bókina sína **'Hlaupabókin'**.

Tilboð á hlaupavörum og þrjú veglegir vinningar verða dregnir út í afmælishappdrætti.

Hlökkum til að sjá ykkur!

Austurvegi 11, Selfossi Virka daga 10-18 Laugardaga 10-16 Studiosport.is

# Íþróttir

Efni sendist á: dagskrain@prentmet.is

## Frábær árangur Selfoss á haustmóti

**FIMLEIKAR** Í nóvember fór haustmót í hópfimleikum fram. Mótinu var skipt á tvær helgar þar sem fyrri hlutinn fór fram í Garðabæ 16.-17. nóvember og seinni hlutinn sl. laugardag á Selfossi. Að loknu haustmóti er liðum skipt í deildir sem keppt er eftir út keppnisárið en efstu níu liðin skipa A-deild.

Á fyrri hluta mótsins kepptu 3. og 4. flokkur þar sem Selfoss

sendi fimm lið til leiks. Liðin áttu öll góðan keppnisdag en mörg þeirra eiga enn mikið inni og verður mjög spennandi að fylgjast með þeim í vetur.

A seinni hluta mótsins átti Selfoss tvö lið. 2. flokkur keppti í tólf liða hluta, en liðið skilaði mjög hreinum og flottum æfingum en eiga talsvert inni af erfiðleika sem við fáum vonandi að sjá hjá þeim á næstu mót-

um. Eldra drengjaliðið okkar gerði sér lítið fyrir og sigraði í sínum flokki. Strákaliðið er í mikilli uppbyggingu og verður spennandi að fylgjast með þeim áfram.

Virkilega gott mót hjá Selfoss-liðunum sem mega vera stolt af árangri sínum og frammistöðu.

Ljósmyndir frá þjálfurum og foreldrum Umf. Selfoss.



3. flokkur Selfoss 1 náldi sér í 3. sæti og keppti í A-deildinni.



4. flokkur Selfoss 1 lenti í 3. sæti og tryggði sér sæti í A-deildinni.



2. flokkur Selfoss lenti í 7. sæti af tólf liðum og keppti í A-deildinni.



Drengjaliðið Selfoss sigraði í eldri flokki drengja.



3. flokkur Selfoss 2 lenti í 12. sæti og verður í baráttu í B-deildinni.



4. flokkur Selfoss 2 lenti í 9. sæti og keppti í A-deildinni.



4. flokkur Selfoss 3 lenti í 12. sæti og keppti í B-deildinni.

## Fyrsta mótið hjá stelpunum

**HANDBOLTI** Fyrstu helgina í nóvember kepptu stelpurnar í 8. flokki á sínu fyrsta handbolta-

móti í vetur. Mótið fór fram á Sel-tjarnarnesi og stóðu stelpurnar sig gríðarlega vel en margar voru að

taka sin fyrstu skref í handboltanum. Ljósmyndir frá þjálfurum og foreldrum Umf. Selfoss.



Selfoss 1



Selfoss 2



Selfoss 3

## Öruggur sigur í Grafarvogi

**HANDBOLTI** Selfyssingar unnu öruggan sigur gegn Fjölni í Olísdeildinni á sunnudag, leikurinn fór fram í Dalhúsum í Grafarvogi og endaði 26-35.

Heimamenn voru á undan að skora fyrstu tíu mínútur leiksins en í stöðunni 5-5 tóku Selfyssingar frumkvæðið og náðu Fjölnismenn aldrei að jafna leikinn eftir það. Staðan í hálfleik 18-12. Jafnræði var með liðunum fram í miðjan síðari hálfleik en eftir það stungu Selfyssingar af, heimamenn skorðu ekki mark í tíu mínútur og juku Selfyssingar forystuna í níu mörk sem hélst út leikinn.

Mörk Selfoss: Hergeir Grímsson 10/3, Haukur Þrastarson 5/1, Guðni Ingvarsson 5, Atli Ævar Ingólfsson 4, Magnús Óder Einarsson og



Hergeir var besti maður leiksins á báðum endum vallarins. Ljósmynd: Umf. Selfoss/ÁÞG

Alexander Már Egan 3, Reynir Freyr Sveinsson og Daníel Karl Gunnarsson 2 og Guðjón Baldur Ómarsson 1. Varin skot: Einar Baldvin Baldvinsson 6 (33%) og Sölvi Ólafsson 5 (26%).

Selfyssingar eru enn á fullu í toppbaráttu deildarinnar á eftir toppliði Hauka. Næsti leikur er mánudaginn 2. desember kl. 19:30 gegn FH í Hleðsluhöllinni. -esó

## Selfoss áfram í bikarnum

**HANDBOLTI** Strákarnir okkar tryggðu sig áfram í fjórðungsúrslit Coca Cola bikarkeppinnar eftir öruggan þrettán marka sigur á Þór Akureyri norðan heiða í seinustu viku.

Selfyssingar náðu fljótt yfirhöndinni í leiknum og alveg ljóst í hvað stefndi, staðan í hálfleik 9-20. Áfram héldu þeir að bæta forskotið í seinni hálfleik og urðu lokatölur 29-36.

Margir af okkar ungu strákum fengu að spreyta sig í leiknum og stóðu þeir sig með þryði.

Mörk Selfoss: Hergeir 10/4, Ísak Gústafsson 6, Haukur 4, Ari Sverrir Magnússon 4/2, Alexander Már, Daníel Karl og Atli Ævar 3, Guðjón Baldur og Guðni 2, Reynir Freyr og Magnús Óder 1. Varin skot: Einar Baldvin 12 (46%) og Sölvi 4 (25%). -esó

## Strákarnir í 7. flokki stóðu sig vel

**HANDBOLTI** Um miðjan nóvember kepptu strákarnir í 7. flokki á Nettómóti FH í Hafnarfirði. Strákarnir stóðu sig að vanda vel og voru félaginu til sóma. Ljósmynd frá þjálfurum og foreldrum Umf. Selfoss.



## Stelpurnar stóðu fyrir sínu í Grafarvogi

**HANDBOLTI** Stelpurnar í 7. flokki tóku þátt í móti í Grafarvogi um seinustu helgi og stóðu svo sannarlega fyrir sínu. Miklar

framfarir hjá stelpunum. Ljósmyndir frá þjálfurum og foreldrum Umf. Selfoss.



Selfoss 1



Selfoss 2



Selfoss 3



Selfoss 4

## Ungu leikmennirnir stigu upp í sigri Selfyssinga

**KÖRFUBOLTI** Selfoss karfa vann sinn annan leik í röð þegar þeir unnu lið Álftnesinga síðastliðinn föstudag, 70-59, í íþróttahúsi Vallaskóla á Selfossi. Með sigrinum komst Selfoss upp fyrir Álftanes á stigatöflunni og sitja nú í 5. sæti deildarinnar.

Fyrsti leikhlutinn byrjaði rólega fyrir Selfyssinga og leyfðu þeir gestunum að komast í 11 stiga forystu. Heimamenn komu hinsvegar til baka og náðu að leiða leikinn í hálfleik með 2 stigum, 34-32.

Í byrjun seinni hálfleiks skiptust liðin á að leiða leikinn og var það ekki fyrir en í fjórða leikhluta sem Selfyssingar náðu að hrista gestina af sér, en þeir skoruðu 22 stig á móti 14 stigum Álftnesinga í fjórða leikhluta.



Rhys Sundimalt skoraði 21 stig í leiknum. Mynd: Selfoss karfa/BRV

Ungu leikmennirnir í liði Selfyssinga stigu upp í leiknum í fjarveru tveggja lykilleikmanna, Ragnars og Maciek, en fjórir af fimm stigahæstu leikmönnum

leiksins voru U20 leikmenn. Christian var samkvæmur sjálfum sér og reif niður 20 fráköst og heldur sæti sínu sem frákastahæsti leikmaður deildarinnar.

## Unglingamót HSK 2019 í badminton

**BADMINTON** Unglingamót HSK í badminton var haldið í Hveragerði sunnudaginn 17. nóvember síðastliðinn. Keppendur voru 29 talsins frá þremur fé-

lögum; Dímoni, Hamri og Umf. Þór. Mótið gekk mjög vel fyrir sig og fóru allir ánægðir heim. Á mótinu var stigakeppni milli félaganna, þar sem keppt var

um HSK-meistararitilinn. Hamar fór með sigur úr bítum með 58 stig, Umf. Þór var í öðru sæti með 10 stig og Dímon í því þriðja með 5 stig.



## Grímur C. Ólafsson með afburðasigur á skáknámskeiði

**SKÁK** Laugardaginn 16. nóvember sl. var síðasta kennslustundin í skáknámskeiði Helga Ólafssonar stórmeistara og skólastjóra Skákskóla Íslands í Fischersetri. Þetta var síðasti tíminn í 10 skipta skáknámskeiði fyrir grunnskólabörn sem hófst sl. haust. Haldið var skákmót og urðu úrslitin þau að efstur var Grímur C. Ólafsson með sex vinninga en hann vann allar sínar skákir, næst kom Óskar Freyr Sigurðsson með fimm vinninga og í þriðja sæti var Magnús Tryggvi Birgisson með fjóra vinninga.



## Tveir bikarmeistarar frá Selfossi

**TAEKWONDO** Selfyssingar tryggðu sér tvo bikarmeistararitla á bikarmóti TKÍ sem fór fram í Keflavík fyrir í nóvember.

Björn Jóel Björgvinsson gerði sér lítið fyrir og vann flokk sinn í +73 kg karla með yfirburðum. Hann fékk einungis tvö stig á sig á mótinu en skoraði 47 stig í tveimur bardögum.

Þorsteinn Ragnar Guðnason hélt uppteknum hætti og vann til tvennra verðlauna í formum. Hann hlaut silfurverðlaun í einstaklingsflokki juni- or og vann til gullverðlauna í



Þorsteinn Ragnar var sáttur eftir góðan keppnisdag.

hópaformum ásamt keppendum úr Ármanni.

Flottur árangur hjá okkar mönnum. -djp

**DFS.is**  
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Fáðu tilboð í auglýsinga-  
pakka í blaðið og á vefinn!

Hafðu samband  
Sími 482 1944 - dfs@dfs.is

1. deild karla í körfubolta

**SELFLOSS - BREIÐABLIK**

Föstudaginn 29. nóv. kl. 19:15  
Íþróttahús Vallaskóla

Sunnud. 1. des. kl. 19:30

UMF SELFLOSS 1936

Selfoss – Stjarnan U  
**HLEDSLÚ HÖLLIN**

Mánud. 2. des. kl. 19:30

UMF SELFLOSS 1936

Selfoss – FH  
**HLEDSLÚ HÖLLIN**

**HAMAR HVERAGERÐI**

**Hamar vs Sindri**

UMF SINDRI HÖFN

Föstudaginn 29. Nóvember  
Íþróttahúsinu Hveragerði  
KL. 19:15

**Kjörís**

Lagnabjónustan ehf.  
Pípulagnir - Efnissala  
482 2311 ☎ 696 2311  
Skrifstofa Þjónustusmi

Aðgangseyri 1500.kr

**Jólabasar**  
Kvenfélags Eyrarbakka

Jólabasar Kvenfélags Eyrarbakka verður haldinn sunnudaginn 1. des. klukkan 14:00 til 17:00 að Stað á Eyrarbakka.

Kaffi og vöffur • Hlutavelta • Flóamarkaður • Basar  
Margt góðra muna • Posi á staðnum

Allur ágóði rennur til góðra mála og verka.

**82%**

Sunnlendinga lesa Dagskrána í hverri viku

**Já** 82%

**NEI** 18%

**DAGSKRÁIN**  
FRÉTTABLAÐ SUBURLANDS

\*samkvæmt Gallup-könnun októbr. 2018.

**Harmonikudansleikur.**

Harmonikuskemmtun og síðdegis dansleikur verður haldinn á Hótel Selfossi sunnudaginn 1. des. nk. kl. 16:00-18:00. Sunnlenskir harmonikuunnendur sjá um skemmtunina. Hjördís Geirs mætir ásamt fleira góðu fólki.

Enginn aðgangseyrir.

Harmonikusveit Suðurlands.

**Kveikt á jólatré**

Kveikt á jólatré Stokkseyrar sunnudaginn 1. des. kl. 16:00. Dansað í kringum tréð, jólasveinar mæta með eitthvað góðgæti og ef veður leyfir verður boðið upp á kaffi, kakó og piparkökur.

**Jólatónleikar**

**HERA BJÖRK**

**UNNUR BIRNA**

**BJÖRN THORODDSEN ÁSAMT HLIÓMSVEIT.**

HÓTEL SELFÖSS 5. DESEMBER  
MIDGARD BASE CAMP HVOLSVÖLLUR 14. DESEMBER

TÓNLEIKAR HEFJAST 20:30

MÍÐASALA INN Á TIX.IS

# „Tvítugsafmæli“ Frískra Flóamanna – ferðasaga frá Sviss

Í aprilmánuði 1999 ákváðu 3 Láhugasamar konur um útivist og hreyfingu að stofna almenningshlaupahóp á Selfossi. Á þessum tíma var enginn slíkur hópur til á Selfossi fyrir utan nokkra eldspræka karla sem hlupu saman undir nafni Frískra Flóamanna. Fljótlega spurðist út um tilvist hópsins og fjölgaði ört í honum. Síðar sameinuðust þessir tveir hópar og sameinaði hópurinn tók upp nafnið Frískir Flóamenn. Frá árinu 2011 hefur Sigmundur Stefánsson þjálfað hópinn af einstakri eljusemi.



Markmiðið var fyrst og fremst að stunda hlaup sér til heilsubótar og má segja að það markmið eigi við um hópinn enn í dag. Með þátttöku í Brúarhlaupi og Reykjavíkumaraþoni efdist hópurinn til dáða og margir horfðu til utanvega-hlaupa eins og Bláskógaskokks og „Laugavegarins“. Frá árinu 2003 hafa Frískir Flóamenn ásamt Björgunarfélagi Árborgar einmitt séð um brautarvörslu við Laugavegshlaupið og hefur það verið tekjulind fyrir báða hópana.

Frískir Flóamenn hafa líka staðið fyrir sínu eigin hlaupi, sem fékk nafnið Hlaupið undan vindi. En það hlaup var fyrst haldið í nóvember árið 2003. Þá hlupu 36 karlar og 14 konur 10 km leið niður Gaulverjabæjarveg og hlaupið endaði við Félagslund. Þetta hlaup var haldið þrisvar undir þessu heiti en árið 2013 var Intersport styrktaraðili hlaupsins og þá breyttist heitið í Intersport - hlaupið undan vindi en hlaupaleiðin var sú sama og nú var það haldið 1. maí. Frá árinu 2017 hefur þetta hlaup verið styrkt af Jötunn Vélum og heitir frá þeim tíma Jötunhlaupið. Hlaupið er haldið 1. maí ár hvert og liggur brautin á sléttri braut innanbæjar á Selfossi og að hluta til á bökkum Ölfusár. Tvær keppnisvegalengdir eru í boði og eru þær báðar löglega mældar samkvæmt reglum FRÍ.

Margir í hlaupahópnum hafa verið duglegir að taka þátt í keppnishlaupum innanlands sem utan. Fyrsta hópferðin til útlanda var farin haustið 2015 en þá hélt hópurinn til München. Í september á síðasta ári fóru nokkrir úr hópnum til Tallin og

tóku þátt í maraþoni þar. Þetta voru hvoru tveggja götuhlaup. Það var því tekin sú ákvörðun í vor í tilefni af 20 ára afmæli hlaupahópsins að skoða þátttöku í utanvegahlaupi. Fyrir valinu var 2ja daga hlaupaveisla í Sviss, í hlaupinu Transviamala & Transruinalta.

Þann 18. október sl. hélt af stað frá Íslandi 25 manna hópur frá Frískum Flóamönnum og Skokkhópi Hamars í Hveragerði. Þegar til Zürich var komið bættist í hópinn Sævar Skaptason framvæmdastjóri Bændaferða og kona hans Bryndís Óladóttir. Þar tók á móti þátttakendum Kjartan Steindórsson, aðalfararstjóri hópsins og Elísa Jóhannsdóttir kona hans. Fyrirkomulag hlaupanna var þannig að fyrri daginn, laugardaginn 19. október voru 2 vegalengdir í boði 24 km og 42 km eða maraþon. Hæðarmetrar í 42 km hlaupinu voru 1800 m en 780 m í 24 km. Hlaupaleiðin lá meðfram fallegum einstíg meðfram ánni Vorderrhein um Ringljúfrið. Eftir 11 km í miðju gljúfrinu hófst mikil hækkan að Versam og þaðan var hlaupið í gegnum mikið gljúfur til Scardanal og áfram til Rhäzüns þar sem 24 km hlaupið endaði. Þaðan héldu svo maraþonhlauparamir áfram meðfram Hinterrehein ánni að Heizenberg til Präz. Endamark maraþonsins var í Thusis heimabænum okkar. Alls hlupu 13 lengra hlaupir, 7 karlar og 6 konur og 24 km fóru 8 þátttakendur, 5 konur og 3 karlar. Á leiðinni voru nokkrar drykkjarstöðvar þar sem boðið var upp á ýmislegt góðgæti og fyrir Íslendingana var í boði rauðvínstár.

Seinni daginn var hægt að velja um að hlaupa 19 km og 11,5 km og 16 km og 11,5 km

göngu. Þann dag hófst hlaupið og gangan í Thusis fyrir fram- an hótelið okkar. Hæðarmetrar í hlaupinu voru 950 m í lengri vegalengdinni og 720 í þeirri styttri. Í göngunni voru þeir 930 í 16 km og 720 í 11,5 km göngunni.

Bæði hlaupin voru ræst á þann hátt að einn og einn hlaupari lagði af stað í einu og var nafn hans tilkynnt af kynni hlaupsins. Það sama átti við um göngufólk. Þátttaka íslenska hópsins vakti mikla eftirtekt í þessum litlu svissnesku bæjum. Aður en við komum til landsins voru nokkur okkar búnir að svara spurningum hlaupahaldara og birtust svör okkar í prentmiðlum þeirra. Einnig var tekið útvarpsviðtal við Kjartan fararstjóra og þó nokkur okkar vorum spurð spjörnum úr við rás- og endamark. Á hlaupaleiðinni má nánast segja að aðrir þátttakendur hafði tekið ofan fyrir okkur og við vöktum mikla eftirtekt á drykkjarstöðvunum. Það má því segja að við höfum verið heimsfræg í Sviss a.m.k. í Thusis og nágrenni.

Fyrir þátttökuna fengu hlauparar og göngufólk lítið tré- bretti, hnif og pylsu, allt framleitt í héraðinu. Að auki fengu þeir sem tóku þátt í báðum hlaupum diskapurrku, ost, brauð og pylsu en einnig nafngiftina „Giljakóngur/drottning“ fyrir lengri vegalengdir og „Gilja- prins/prinsessa“ fyrir styttri vegalengdir ásamt lykklappi úr tré útskorin sem lítil kóróna.

Eftir fimm daga frábæra hreyfiferð í svissnesku Alpna er hópurinn sérlega ánægður með afrekin, skiptir þá litlu máli hvers konar hreyfing varð fyrir valinu, hvaða vegalengd var farin eða á hvaða tíma viðkomandi fór. Eftir sitja ánægjulegar minningar um yndislega ferð, einstaklega samheldinn hóp og sérlega styrka og góða fararstjórn.

Að lokum viljum við hvetja alla áhugasama að koma á hlaupaefingu með Frískum Flóamönnum en æfingar hópsins eru á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 17:30 og á laugardögum kl. 10:00. Allar æfingar hefjast við World Class og það eru allir velkomnir.



Stjórn Frískra Flóamanna

# AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

*Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi, Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Flóahreppi og Ásahreppi*

## Aðalskipulagsmál

**Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt lýsing að eftirfarandi aðalskipulagsbreytingu:**

- Breyting á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027. Árgil, L167054, Bláskógabyggð.**  
Kynnt er skipulags- og matslýsing vegna Árgils, L167054, í Bláskógabyggð. Breytingin felst í að hluti verslunar- og þjónustusvæðis (Vþ18) sem er um 11 ha að stærð, verði minnkað um 2 ha og þeirri landnotkun breytt í landbúnaðarland.

**Samkvæmt 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt tillaga að eftirfarandi aðalskipulagsbreytingu:**

- Breyting á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029. Ósbakki, L165463, Flóahreppi.**  
Kynnt er tillaga að breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029, sem tekur til 2 ha lands Ósbakka, L165463, sem í gildandi aðalskipulagi Flóahrepps er skilgreint sem frístundasvæði (F36) og er áætlað að breyta landnotkun í landbúnaðarland. Áætlað er að byggja upp nýtt íbúðarhús og hesthús/skemmu. Samhliða kynningu á aðalskipulagsbreytingu er kynnt tillaga vegna deiliskipulags á svæðinu.

**Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst eftirfarandi aðalskipulagsbreytingu:**

- Breyting á aðalskipulagi Ásahrepps 2010-2022. Miðmundarholt 1-6, Ásahreppi.**  
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkti þann 18. september 2019, að auglýsa tillögu/uppdrátt og greinargerð, þ.m.t. umhverfisskýrslu, að breytingu á gildandi aðalskipulagi Ásahrepps 2010-2022 vegna breytingar á landnotkun í landi Miðmundarholts. Breytingin felst í að svæði sem tekur til 7 íbúðarlóða sem í gildandi aðalskipulagi er skilgreint sem íbúðarsvæði, er breytt í verslunar- og þjónustusvæði.

## Deiliskipulagsmál

**Samkvæmt 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar skipulagslýsingar fyrir eftirfarandi deiliskipulagsverkefni:**

- Deiliskipulag Sultartangavirkjunar, Ásahreppi og Skeiða- og Gnúpverjahreppi. (auk Rangárþings ytra)**  
Kynnt er skipulagslýsing dags. 25. september 2019, í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sem gerir grein fyrir deiliskipulagi Sultartangavirkjunar, L191624, og svæði tengd henni. Deiliskipulagið mun ná til þriggja sveitarfélaga, Ásahrepps, Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Rangárþings ytra. Deiliskipulagið tekur til Sultartangastöðvar og mannvirkja hennar. Stöðin var tekin í notkun árið 1999 og nýtur vatn Tungnaár og Þjórsár sem sameinast í Sultartangalóni, sem er miðlunarhluti stöðvarinnar. Sultartangalón var myndað með 6,1 km langri stíflu skammt ofan ármóta Þjórsár og Tungnaár. Mesta hæð stíflunnar er 22 m. Úr Sultartangalóni er vatni veitt um 3,4 km löng að rennissliggöng í gegnum Sandafell, að jöfnunarþró suðvestan í fellinu. Við enda þróarinnar er inntak og þaðan liggja tvær stálpípur að hverflum í stöðvarhúsinu. Frá Sultartangastöð liggur um 7 km langur frárennisskurður sem veitir vatninu aftur í farveg Þjórsár, skammt fyrir ofan Ísakot. Yfirfall Sultartangalóns er austast í stíflunni og fer í farveg Tungnaár. Núverandi virkjunarleyfi er fyrir virkjun með uppsettu afli 125 MW. Landsvirkjun vinnur að umsókn um breytingu á virkjunarleyfi til Orkustofnunar þannig að virkjunarleyfið verði fyrir uppsett afl allt að 133 MW. Umsóknin byggir á úrskurði Skipulagsstofnunar frá apríl 2019 um að aflaukning Sultartangastöðvar um allt að 8 MW væri ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Tengivirki Landsnets er vestan stöðvarhússins. Þangað liggja nokkrar háspennulínur frá Hrauneyjafoss- og Sigöldustöðvum. Frá tengivirkinu liggja háspennulínur í Búrfellsstöð og tengivirki við Brennimeil.
- Deiliskipulagsbreyting. Nesjar - Nesjaskógur, Grímsnes- og Grafningshreppi.**  
Kynnt er skipulagslýsing dags. 10. október 2019, sem gerir grein fyrir fyrirhugaðri breytingu á gildandi deiliskipulagi frístundabyggðar Nesjar-Nesjaskógur (F1), í Grímsnes- og Grafningshreppi. Ástæða breytingarinnar er að fá allar fyrri breytingar skipulags inn á sama uppdrátt ásamt skilmálum auk eftirfarandi áhersluþátta: Deiliskipulagssvæðið er stækkað úr 45 ha í 48 ha. Lóðir teiknaðar inn á hnitasettan

loftmyndagrunn eftir mælingum á staðnum og núverandi deiliskipulagi m.s.br. Deiliskipulagsskilmálar verða uppfærðir, þannig að þeir uppfylli nútímakröfur. Lóðir hnita- og málsett- ar. Flóttaleiðir verða skipulagðar og gerð grein fyrir vatnstöku slökkviliðs. Áætluð skipulagsbreyting er í samræmi við gildandi aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020. Allar eldri deiliskipulagsbreytingar munu falla úr gildi við gildistöku væntanlegs deiliskipulags.

- Deiliskipulagsbreyting. Þóróddsstaðir L168295, Langirimi. Grímsnes- og Grafningshreppi.**  
Kynnt er skipulagslýsing, dags. 15. október 2019, sem gerir grein fyrir fyrirhugaðri breytingu á gildandi deiliskipulagi frístundabyggðar (F44) í landi Þóróddsstaða. Deiliskipulagsbreytingin tekur til um 50 ha svæðis og mun meginmarkið með breytingunni auk stækkunar vera að uppfæra fyrri breytingar til samræmis við nútímakröfur. Þá verður horft til eftirfarandi þátta: Lóðir teiknaðar inn á hnitasettan loftmyndagrunn eftir mælingum á staðnum og núverandi deiliskipulagi m.s.br. Deiliskipulagsskilmálar verða uppfærðir, þannig að þeir uppfylli nútíma kröfur. Lóðir hnita- og málsett- ar. Lóðir í nýju deiliskipulagi munu hafa eitt samræmt götu- og númerakerfi. Að svæðið fái heitið Langirimi. Flóttaleiðir verða skipulagðar og gerð grein fyrir vatnstöku slökkviliðs. Áætluð skipulagsbreyting er í samræmi við gildandi aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020. Allar eldri deiliskipulagsbreytingar munu falla úr gildi við gildistöku væntanlegs deiliskipulags.
- Deiliskipulag. Tjarnarhólar. Útivistar- og göngusvæði, Grímsnes- og Grafningshreppi.**  
Kynnt er skipulags- og matslýsing, dags. 1. október 2019, sem gerir grein fyrir fyrirhuguðu deiliskipulagi við Tjarnarhóla og Kerhól (Keríð) í landi Snæfoksstaða. Í fyrirhuguðu deiliskipulagi sem tekur til um 35 ha svæðis, er gert ráð fyrir uppbyggingu svæðisins í þágu ferðamanna með gerð bílastæða, göngustíga, upplýsingaskilta og byggingu tveggja þjónustuhúsa. Aðkoma að svæðinu er um núverandi gatnamót Vaðness og Snæfoksstaða frá Biskupstungnabraut.

**Samkvæmt 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar skipulagstillögur fyrir eftirfarandi deiliskipulagsverkefni:**

- Deiliskipulag. Kringla 4, L227914, Grímsnes- og Grafningshreppi. Frístundabyggð.**  
Kynnt er tillaga deiliskipulags sem tekur til um 22,6 ha svæði á jörðinni Kringlu 4, í Grímsnes- og Grafningshreppi. Gert er ráð fyrir 32 nýjum frístundahúsalóðum frá 5.000-8.753 m<sup>2</sup> að stærð. Aðkoma að svæðinu er um Sólheimaveg og inn Árvæg. Deiliskipulagstillagan er í samræmi við gildandi aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020 m.s.br. og hefur skilgreiningu sem frístundasvæði (F52b).
- Breyting deiliskipulags, svæði D. Snæfoksstaðir frístundabyggð. Grímsnes- og Grafningshreppi.**  
Kynnt er deiliskipulagsbreyting sem nær yfir svæði fyrir frístundabyggð, merkt F20c í greinargerð aðalskipulags Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020 m.s.br. Svæðið sem breytingin nær yfir er um 70 ha að stærð og er merkt sem svæði D í deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Snæfoksstaða. Í deiliskipulagsbreytingunni er gert ráð fyrir að fjölga frístundalóðum úr 47 lóðum í 53 lóðir. Þar af eru 49 frístundalóðir byggðar og 4 óbyggðar. Enn fremur er innan svæðisins gert ráð fyrir einni landbúnaðarlóð (Nautavakavegi nr. 2) sem tengist starfsemi skógræktarinnar á Snæfoksstöðum. Lóðirnar eru frá 6.980 m<sup>2</sup> til 17.678 m<sup>2</sup> að stærð.

**Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum:**

- Deiliskipulagsbreyting. Miðmundarholt. Ásahreppi.**  
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkti þann 18. september 2019, að auglýsa tillögu/uppdrátt og greinargerð, þ.m.t. umhverfisskýrslu, að breytingu á gildandi deiliskipulagi íbúðarhúsvæðis Miðmundarholts í Ásahreppi. Á svæðinu eru 7 íbúðarhúsalóðir, þar sem landnotkun verður breytt í verslunar- og þjónustulóðir, og verður við breytinguna heimilt að gefa út rekstrarleyfi í fl.Í lóðunum. Samhliða er auglýst samsvarandi breyting á gildandi aðalskipulagi Ásahrepps.
- Deiliskipulagsbreyting. Gullfoss 1-2, L167192. Reitur M3. Bláskógabyggð.**  
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti þann 7. nóvember 2019 að auglýsa tillögu, uppdrátt og greinargerð, vegna breytinga á gildandi deiliskipulagi fyrir svæði M3 (neðra útsýnissvæði) við Gullfoss, Bláskógabyggð. Breytingin felst í að

ítarlegri grein er gerð fyrir bílastæðum svæðisins, þar með talið rafhleðslustöðvum. Settur verður út byggingarreitir fyrir sand og verkfæragemymslu við aðkomuþátt. Þá verða gerðar breytingar á göngustígum.

- Deiliskipulagsbreyting. Mosaskyggvir 18 - 22. Bláskógabyggð.**  
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti þann 7. nóvember 2019 að auglýsa tillögu, uppdrátt og greinargerð, vegna breytingar á gildandi deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Úthlíðar í Bláskógabyggð. Upprunalegt deiliskipulag öðlaðist gildi 1993 og var gerð breyting á þessum hluta 2006 „svæði vestan Skarðsvegur“. Breytingin tekur til vegstæðis við lóðirnar Mosaskyggvir 18, 20 og 22. Í breytingunni felst að lóðarmörk Mosaskyggvirs 20 breytast vegna breyttrar legu vegar fram hjá lóðinni. Samhliða breyttir legu Mosaskyggvirs 20 breytast mörk aðliggjandi lóða Mosaskyggvirs 18 og Mosaskyggvirs 22 auk þess sem mörk á milli Mosaskyggvirs 18 og 20 breytast.
- Deiliskipulagsbreyting. Vaðlækjarvegur 8, L169070 (Miðengi L168261). Grímsnes- og Grafningshreppi.**  
Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti þann 6. nóvember 2019 að auglýsa tillögu, að breytingu á gildandi deiliskipulagi frístundabyggðar í Miðengi, vegna lóðarinnar Vaðlækjarvegur 8, L169070. Breytingin felst í tilfærslu á spildu sem á er götuslóði upp að lóð 8 sem aðskilur lóðirnar 6 og 10 við Vaðlækjarveg. Spildan sem um ræðir er hluti af landareign Miðengis, L168261, en bætist við lóðina Vaðlækjarveg 8 sem stækkar úr núverandi skráningu 7.700 m<sup>2</sup> í 8.352 m<sup>2</sup>. Með stækkuninni er tryggt aðgengi að lóðinni til framtíðar. Skilmálar í gildandi skipulagi verða óbreyttir.
- Deiliskipulag. Bjarkarlækur L224049. Grímsnes- og Grafningshreppi.**  
Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti þann 6. nóvember 2019 að auglýsa tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir spilduna Bjarkarlæk í Grímsnes- og Grafningshreppi. Deiliskipulagssvæðið tekur til alls lands Bjarkarlækjar sem er um 9,5 ha að stærð. Gert er ráð fyrir tveimur byggingarreitum undir íbúðarhúsi, bílskúr og gestahúsi auk skemmu og hesthúss með aðkomu af Biskupstungnabraut um Bjarkarveg. Tillagan er í samræmi við gildandi aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020, þar sem landið er skilgreint sem landbúnaðarland.
- Deiliskipulagsbreyting. Ölvisholt L207869. Kúlutjöld og þjónustusvæði. Flóahreppi.**  
Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti þann 5. nóvember 2019, tillögu að breytingu á gildandi deiliskipulagi spildu úr landi Ölvisholts, L207869, fyrir kúlutjöld og þjónustubyggingar. Breytingin felst í að fjölga kúlutjöldum úr 6 í 15, fjölgun byggingarreita fyrir þjónustuhús úr 2 í 5 og stofnun tveggja nýrra lóða innan spildunnar fyrir stærri þjónustubyggingar og bílastæði.
- Deiliskipulag Miklaholtshelli 2, L223302. Flóahreppi.**  
Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti þann 5. nóvember 2019, tillögu að deiliskipulagi, uppdrátt og greinargerð vegna stækkunar á alifuglabúi að Miklaholtshelli 2, L223302. Með fyrirhuguðu deiliskipulagi er áætlað að heimiluð verði bygging tveggja 1.500 m<sup>2</sup> húsa sem gætu hýst allt að 18.000 fugla. Heildarfjöldi alifugla á svæðinu yrði þá samtals 49.000 fuglar. Með stækkuninni er verið að efla og styðja við núverandi framleiðslu á lífrænum eggjum að Miklaholtshelli 2 á vegum Nesbúeggja ehf.

Ofangreindar skipulagslýsingar/skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast lýsingar og tillögur á vefslóðinni [www.utu.is](http://www.utu.is). Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna: [www.blaskogabyggd.is](http://www.blaskogabyggd.is), [www.gogg.is](http://www.gogg.is), [www.fludir.is](http://www.fludir.is), [www.skeidgnup.is](http://www.skeidgnup.is), [www.floahreppur.is](http://www.floahreppur.is) og [www.asahreppur.is](http://www.asahreppur.is).

Skipulagslýsingar og tillögur nr. 1 - 2 og 4 - 9 eru í kynningu frá 27. nóvember til 18. desember 2019, en tillögur nr. 3 og 10 - 16 eru í auglýsingu frá 27. nóvember til 10. janúar 2020. Athugasemdir og ábendingar við tillögum nr. 1 - 2 og 4 - 9 þurfa að berast skipulagsfulltrúa eigi síðar en 18. desember 2019, en fyrir tillögum nr. 3 og 10 - 16, eigi síðar en 10. janúar 2020. Athugasemdir og ábendingar skulu berast skipulagsfulltrúa UTU og vera skriflegar.

Rúnar Guðmundsson  
skipulagsfulltrúi  
[runar@utu.is](mailto:runar@utu.is)

 **Hafnarnes VER hf.**

**VERKSTJÓRI  
ÓSKAST**

í frystihús Unubakka 21, Þorlákshöfn

upplýsingar í síma 892 0367 Hannes

## Sunnulækjarskóli

Við Sunnulækjarskóla á Selfossi er laus staða umsjónar-kennara í 5. bekk.


Í skólanum eru um 710 nemendur og þar er lögð áhersla á sveigjanlega og fjölbreytta kennsluhætti, einstaklingsmiðað nám, teymisvinnu kennara, ábyrgð nemenda og góða samvinnu allra sem að skólastarfinu koma. Laun og starfskjör eru samkvæmt viðeigandi kjarasamningi. Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar má finna á vefsíðu skólans: <http://www.sunnulaekjarskoli.is> og í tölvupósti: [birgir@sunnulaek.is](mailto:birgir@sunnulaek.is).

Umsóknarfrestur er til 8. desember.

Sótt er um stöðuna á vef Sveitarfélagsins Árborgar, <http://www.arborg.is>, laus störf.

Skólastjóri.



**ÚTBOÐ**

**Fasteignafélag Árborgar**

**Engjaland 21, leikskóli**

Fasteignafélag Árborgar óskar eftir tilboðum í ofangreint verk. Þeir sem hyggjast gera tilboð í verkið sendi tölvupóst á netfangið [utbod-engjaland@mannvit.is](mailto:utbod-engjaland@mannvit.is) þar sem fram komi nafn aðila, kennitala, heimilisfang, netfang og símanúmer. Útboðsgögn verða aðgengileg frá 25. nóvember á rafrænu formi á samskiptasvæði útboðsins sem bjóðendur munu fá aðgang að.

**Lýsing á verkinu:**  
Fyrirhugað er að byggja Leikskóla að Engjalandi 21, Selfossi. Verkið felst í að steypa upp og fullgera að utan og innan 1.112 m<sup>2</sup> leikskólahúsnæði, ásamt þremur smáhýsum um 42 m<sup>2</sup> og fullnaðar frágangi á 7.050 m<sup>2</sup> lóð.

Grófri jarðvinnu vegna húsbýggingar og lóðar verður lokið þegar verktaki hefur vinnu við verkið.

**Tilboð verða opnuð fimmtudaginn 19. desember 2019 kl. 11:00.**

 **MANNVIT** 


Mannvit hf. | Sími: 422 3000 | [mannvit@mannvit.is](mailto:mannvit@mannvit.is) | [www.mannvit.is](http://www.mannvit.is)

# Jólasýning og skáldastund í Byggðasafni Árnesinga á Eyrarbakka

Jólin koma brátt og í Byggðasafni Árnesinga, Húsinu á Eyrarbakka, byrjar jólagleðin ávallt með opnun jólasýningar og skáldastund í stásstofu Hússins. Sunnudaginn 1. desember býður safnið gesti velkomna. Á jólasýningunni skarta gömlu jólatrén sínu fegursta í borðstofu og í stásstofu má hlýða á rithöfunda lesa úr nýjum verkum sínum. Þetta árið koma fram: Sjón les úr skáldsögu sinni Korngult hár, grá augu, Einar Már Guðmundsson les úr ljóðabókinni Til þeirra sem málið varðar, Margrét Sveinbjörnsdóttir kynnir og segir frá 100 ára afmælisriti Kvenfélags Grímsneshrepps,

Auður Hildur Hákonardóttir kynnir bók sína um biskupsfrúrnar í Skálholti, Harpa Rún Kristjánsdóttir kynnir og les úr verðlaunaljóðabók sinni Eddu og Guðmundur Brynjólfsson les úr skáldsögunni Þögla barnið. Þarna fá gestir brot af ólíkum ritsmíðum eftir fjölbreyttan hóp. Sjón og Einar Már eru meðal okkar fremstu skálda og jafnvígir á skáldsögur og ljóð, Margrét frá Heiðarbæ fjallar um hið aldargamla kvenfélag í Grímsnesi í veglegu afmælisriti en hún hefur víðar komið við á ritvellingum á þessu ári, Hildur spyr hvað sé svo merkilegt við að vera biskupsfrú, Harpa Rún er bóndi undir Hekklurótum en hún

hlaut fyrir skömmu verðlaun kennd við ljóðskáldið Tómas Guðmundsson og Guðmundur Brynjólfsson heldur áfram með trílógíu sína um Eyjólf Jónsson sýslumann. Það verður enginn bókaunnandi svikinn af skáldastund í Húsinu. Aðventukaffi er á boðstólum, allir velkomnir og frír aðgangur. Jólasýningin er opin sem og safnið allt frá kl. 14-17 en upplestur rithöfunda hefst kl. 16. Næstu tvær helgar verður opið á sama tíma, Björgvin orgelsmiður kemur 8. des. kl. 15 og spilar jólalög á líru-kassann sinn og 15. des. kl. 15 kemur sönghópurinn Lóur og syngur jólalög.



## Barnasáttmálinn kynntur fyrir nemendum Hulduheima á Selfossi

Þann 20. nóvember var 30 ára afmæli Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna. Af því tilefni viljum við í leikskólanum Hulduheimum á Selfossi vekja athygli á því að við erum að kynna barnasáttmálann fyrir öllum nemendum í leikskólanum. Einn sinni í mánuði er sérstök samverustund á hverri deild

helguð barnasáttmálanum þar sem notast er við „heimatilbúið námsefni“. Það eru brúður sem hjálpa til við að koma námsefninu á framfæri. Á eldri deildum er það brúðan Sæli sem kemur í heimsókn og á yngri deildum brúðan Engilráð sem er fjörlegur andarungi. Með hjálp þeirra kynnum við börnum réttindi

þeirra, tölum um fjölbreytileika mannlífsins og vináttu sem er rauði þráðurinn í stundunum. Við syngjum söngva um vináttu og stundum eru kenndir nýir söngvar sem tengjast einstaka málefni. Hægt er að sjá upplýsingar um barnasáttmálann á [www.barn.is](http://www.barn.is).



## Hestamannafélagið Geysir hlaut æskulýðsbikar LH

Hestamannafélagið Geysir hlaut æskulýðsbikar LH að þessu sinni fyrir öflugt æskulýðsstarf á árinu. Karen Woodrow formaður æskulýðsnefndar LH afhenti bikarinn en það kom í hlut Katrínar

Sigurðardóttur að veita bikarinn viðtöku fyrir hönd Geysis. Hestamannafélagin sendu æskulýðsskýrslur til æskulýðsnefndar LH og eru þær aðgengilega á vefsvæði LH.



## Undirbúningur jólaanna farinn af stað hjá sveitarfélögum

Það er ekki einungis á heimilum landsmanna sem jólin eru undirbúin. Vinnustaðir, stofnanir og sveitarfélög eru nú í óða önn að koma fyrir skreytingum og sveipa skammdegið birtu og hlýju. Í Þorlaks-

höfn voru starfsmenn í óða önn við að setja upp jólatré á torginu við ráðhúsið og ljósakransa á ljósastaura bæjarins. Jólatréð í Árborg var tendrað í vikunni og flest öll fyrirtæki haf skreytt glugga sína. -gpp



## Málverkasýning í Mika Café, Reykholti, Biskupstungum

Toril Malmo er búin að vera í Myndlistarfélagi Árnassýslu í mörg ár. Hún hefur haldið fjölda sýninga bæði hér heima og í Noregi, þar sem hún er fædd og uppalin en hún fluttist til Íslands árið 1967.

Toril sýnir nú nýjustu verk

sín í Mika Café í Reykholti Bisk. Aðalega eru þetta stór akrílmálver sem fanga hugann með léttu jafnvægi lita og forma. Einnig eldri olíuverk sem rýna í skógin, abstrakt verk 50x50 sm. 27 verk eru á sýningunni. Sýningin stendur yfir fram í febrúar 2020.



**DFS.is**  
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Ferskar fréttir á hverjum degi!  
Kíktu við!

## SB Skiltagerð í Þorlákshöfn óskar eftir starfsmanni í 100% starf

Starfið felst aðallega í bílamerkingum, upplímingum og uppsetningu skilta ásamt ýmsum verkum innan sem utan verkstæðis

### Hæfniskröfur:

- Mikla reynslu í bílamerkingum og innpökkun (wrap)
- Reglusemi og stundvísi
- Vönduð og sjálfstæð vinnubrögð
- Tölvukunnátta kostur

Nánari upplýsingar gefur Smári Birnir í sínum 483 1955 eða 869 1625  
Umsóknir sendist á [sbskilti@sbskilti.is](mailto:sbskilti@sbskilti.is)

**SB SKILTAGERÐ**  
merkingar - laserskurður - fræsingar  
Þorlákshöfn • [www.sbskilti.is](http://www.sbskilti.is)

## UMHVERFIÐ OG STÓRU MÁLIN

Mánudaginn 2. desember kl. 20.00 Hótel Selfoss

Opinn fundur með Guðmundi Inga Guðbrandssyni umhverfis- og auðlindaráðherra og varaformanni VG.

Vonumst til að sjá ykkur sem flest og hlökkum til að eiga líflegar umræður með ykkur.

Öll velkomin!



**INGÓLFSSKÁLI**  
VIKING RESTAURANT

## HÁTÍDLEGUR FJÖLSKYLDUBRÖNS

Í ár býður Ingólfsskáli upp á sérstakan hátíðarbröns fyrir fjölskyldur. Fjölskyldubrönsinn verður framreiddur í okkar einstöku húsakynnum þann 8. desember næstkomandi.

Jólasveinar mæta í heimsókn, skemmta börnum og gefa glaðning.

Verð: 5.200 kr. á mann  
Börn 6-12 ára hálfvörð / Börn 0-5 ekkert gjald

Borðapantanir í síma 662 3400 eða á [ingolfsskali@ingolfsskali.is](mailto:ingolfsskali@ingolfsskali.is)



**JÓLATÓNLEIKAR**  
**SÆTABRAUÐSDRENGJANNA**  
Selfoskirkja 6 .des kl. 20  
Miðar á Tix.is og við innganginn



## YFIRSJÚKRAPJÁLFARI

### Staða yfirsjúkráþjálfara er laus til umsóknar.

Heilsustofnun er endurhæfingastofnun sem þjónar um 120 dvalargestum á hverjum tíma. Lögð er áhersla á að veita framúrskarandi heildræna endurhæfingu sem styður við einkunnarorðin „Berum ábyrgð á eigin heilsu“.

Viðkomandi þarf að búa yfir faglegum metnaði, vera skipulagður og með góða hæfni í mannlegum samskiptum. Reynsla af stjórnun æskileg.

Viðkomandi stýrir daglegum rekstri deildarinnar, tekur þátt í þverfaglegu teymisstarfi og veitir dvalargestum sjúkráþjálfun og fræðslu.

### Æskilegt er að viðkomandi geti hafð störf 15. janúar.

Möguleiki er á húsnæði á staðnum. Einnig er starfsmannarúta til og frá Olís við Rauðavatn í Reykjavík.

Nánari upplýsingar veita Anna Margrét Guðmundsdóttir yfirsjúkráþjálfari annamargret@heilsustofnun.is og Aldís Eyjólfsdóttir starfsmannastjóri aldis@heilsustofnun.is.

Umsóknarfrestur er til 15. desember nk.  
Umsóknir með ferilskrá sendist til starfsmannastjóra  
aldis@heilsustofnun.is



www.heilsustofnun.is

# Auðlindanýting og ábyrgð

**Birgir Þórarinnsson**

*Þingmaður  
Miðflokksins í  
Suðurlandshéð*



Sjávarútvegurinn er burðarás í Íslensku efnahagslífi. Íslenskt sjávarútvegsfyrirtæki kaupa árlega afurðir af íslenskum tækni- og þjónustufyrirtækjum fyrir milljarða króna. Sjávarútvegurinn er mikilvægur mörgum samfélögum á landsbyggðinni. Um 79% atvinnutekna í fiskveiðum og vinnslu kemur frá launafólki á landsbyggðinni. Ég hef lagt áherslu á þetta í mínum málflytingu á Alþingi. Ég hef auk þess talað fyrir því að stjórnvöld tryggji góð rekstrarskilyrði greinarinnar og horfi ekki framhjá þeim miklu útflutningshagsmunum sem eru í sjávarútvegi. Um veiðigjaldið hef ég sagt að það þurfi að vera sjálfbært til framtíðar. Það megi ekki koma í veg fyrir eðlilegar fjárfestingar í greininni og taka ætti til skoðunar að hluti þess rynni til uppbyggingar í heimabyggð, þeirra fyrirtækja sem greiða gjaldið. Umfjöllun fréttaskýringarþáttarins Kveiki

um meinta viðskiptahætti Samherja með veiðiheimildir í Namibíu setti mig hljóðan.

### Samherjamálið álitshnekkir

Samherjamálið svokallaða er áfall fyrir íslenskt atvinnulíf. Það er einnig áfall fyrir litla þjóð í Norður-Atlantshafi, sem á mikið undir fiskveiðum og útlutningi á fiskafurðum. Í viðskiptum sem öðru skiptir orðsporðið miklu. Málið vekur upp margar spurningar, sem meðal annars lúta að ráðstöfun arðsins af okkar mikilvægustu auðlind, fiskinum í sjónum. Aflaheimildir eru verðmæti sem ganga kaupum og sölum. Ríkissjóður fær afgang af nýtingu auðlindarinnar í forni veiðigjaldi. Í greinargerð með lögunum um veiðigjald nr. 145 frá 2018, er rætt um sanngjart veiðigjald, en lögin voru sett í tíð núverandi ríkisstjórnar. Hugtakið sanngjart kemur óneitanlega upp í hugann nú þegar sjávarútvegsfyrirtækið Samherji hefur orðið uppvist af meintum mútugreiðslum við kaup á veiðiheimildum í Afríku. Ein af þeim spurningum sem vakna, eftir umfjöllunina, er hvort ríkissjóður fái eftir allt saman sanngjarna hlutdeild af

sjávarauðlindinni okkar. Það er að minnsta kosti ljóst að stórt íslenskt sjávarútvegsfyrirtæki var reiðubúið að greiða mun herra verð fyrir aðgang að fiskveiðiauðlindinni við strendur Namibíu heldur en greiða þarf í íslenskri lögsögu og beita meintum ólöglegum viðskiptaháttum til þess að komast yfir veiðiheimildir. Samherjamálið verður að rannsaka til hlítar. Staðreyndir málsins verða að koma sem fyrst upp á yfirborðið, frá réttum og þar til bærum aðilum.

### Samfélagsleg ábyrgð og siðaðir viðskiptahættir

Íslendingar eru fiskveiðiþjóð sem hefur orðið fyrir álitshnekkri vegna þessa máls, framhjá því verður ekki litið. Það er á ábyrgð stjórnmalamanna að lágmarka skaðann með ábyrgum aðgerðum og málflytingu, hér heima og erlendis. Fyrir aðgang að sameiginlegri auðlind þjóðarinnar fylgir sú sjálf-sagða krafa að fyrirtæki sýni samfélagslega ábyrgð og siðaða viðskiptahætti ásamt virðingu fyrir lögum og mannréttindum.

## Uppbygging í Árborg, næstu skref

Nú þegar uppbygging er að hefjast í Björkustykki er rétt að spyrja, hvað svo?

Eitt verðmætasta og mest spennandi land sveitarfélagsins er á milli þorpanna við ströndina. Þar eru mikil tækifæri til uppbyggingar bæði á atvinnu- og íbúðarhúsnæði.

Þorpin við ströndina eru fjölmenn og einstök hvort á sinn hátt. Það átta sig ekki allir á því að íbúar Stokkseyrar og Eyrarbakka eru fleiri en íbúar Blönduóss og Bolungarvíkur. Litlu þorpin tvö slaga upp í það að vera með jafn marga íbúa og Stykkishólmur.

Þessi fjölmenna byggð þarf að fá að halda sínum sérkennum en á sama tíma að fá tækifæri til að njóta samlegðar og að opna á nýja uppbyggingu.

Með því að hefja uppbyggingu á nýju þorpi sem heitið gæti „Hraun“ mitt á milli Eyrarbakka og Stokkseyrar er hægt að gerbreyta forsendum byggðar við ströndina. Þannig er hægt að efla byggðina og á sama tíma að virða og styrkja gömlu þorpin tvö.

Hin nýja byggð yrði kjarni þorpanna við ströndina, þar

**Guðmundur Armann**  
Eyrarbakka



sem kjarnaþjónusta yrði byggð upp með víðeigandi íbúða-, þjónustu- og atvinnuhúsnæði. Þannig gætu þorpin tvö haldið styrkleikum sínum og sérkennum en á sama tíma notið samlegðar og þeirra kosta sem fjölmennari samfélög geta boðið upp á.

Tækifæri þorpanna við ströndina hafa sjaldan verið meiri og fátt sem bendir til annars en að styrkur þeirra eigi aðeins eftir að aukast á komandi árum.

Ef við horfum til umferðar og tengingar við höfuðborgina þá er vegalengdin til Reykjavíkur nánast sú sama hvort heldur ekið er frá Selfossi um Hellisheiði eða frá Eyrarbakka um Þrengsli. Stóri munurinn á þessum tveimur leiðum er sá að Hellisheiði er 374 m yfir sjávarmáli en Þrengsli eru 288 m yfir sjávarmáli. Munurinn

86 metrar og það munar um minna þegar snjóar og vindar blása. Þrengsli eru þannig veðurfarslega mun betri kostur fyrir þá sem þurfa reglulega að ferðast milli höfuðborgarinnar og Árborgar.

Með nýrri brú austan við Selfoss sem fjármögguð verður með vegtollum kemur einnig sá hvati að keyra frekar Þrengsli eða Suðurstrandarveg eftir því sem við á. Hagur Árborgar er að fá umferð í gegnum bæjarfélagið. Þannig verður Eyrarbakki og þorpin við ströndina í vaxandi mæli fyrsti viðkomustaður þeirra sem keyra inn í Árborg. Á sama hátt þjónar það hagsmunum verslunar og þjónustu á Selfossi að umferð fari um Þrengsli og Suðurstrandarveg inn á Eyrarbakkaveg og áfram í „gegnum“ Selfoss.

Ný brú austan við Selfoss mun hafa áhrif í og við Árborg, bara ekki á þann hátt sem að er stefnt.

Það eru spennandi verkefni í skipulagsmálum í Árborg fyrir framan okkur, nýtum tækifærin við ströndina Árborg allri til heilla.

**82%**

Sunnlendinga

lesa Dagskrána í hverri viku

Sterkur sunnlenskur auglýsingamiðill í yfir 50 ár.

**DAGSKRÁIN**  
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Auglýsingasíminn er  
482 1944





HÚSASMÍDJAN

blómaval

Aðventuhelgi,  
sunnudagsopnun kl. 10-16

Allar verslanir okkar á landsbyggðinni verða opnar  
á sunnudag, fyrsta sunnudag í aðventu.  
Sjá nánar á [husa.is](http://husa.is)

Þitt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úval getur verið misjafnt milli verslana.

# ALLAR SERIUR & JÓLALJÓS

# 20-40% afsláttur

Gildir til sunnudags

999 kr

~~1.990 kr~~


Jólastjarna  
Stór og flott.

50%  
afsláttur

# KOLSVARTUR

## FÖSTUDAGUR

29. nóvember | Fylgist með á [husa.is](http://husa.is)



## FUNDIR

**KRABBAMEINSFÉLAG  
ÁRNESSÝSLU**  
Símatími alla virka daga  
frá kl. 13:00 til kl. 16:00  
sími 788 0300.

**Al-Anon Selfossi**  
Al-Anon fundir á þriðjudögum  
kl. 20:00, nýliðafundur  
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

**Al-Anon**  
Al-Anon fundur - Einn dagur  
í einu. Laugardagsmorgnum  
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

**AA**  
Mán. kl. 21 - AA fundur  
Þrið. kl. 12:05 - AA fundur  
Þrið. kl. 19 - AA konufundur  
Mið. kl. 19:30 - AA fundur  
Fim. kl. 20 - AA fundur  
Fös. kl. 20:30 - AA fundur  
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur  
Sun. kl. 11 - AA fundur  
Sun. kl. 21 - AA fundur  
AA Hrísholti 8, Selfossi.  
Nánari upplýsingar á aa.is.

**OA**  
Áttu erfitt með að hætta að  
borða? OA 12 spora fundir  
Overeaters Anonymous alla  
þriðjudaga kl. 17:30 Hrísholti 8.

**CoDA**  
**Bataleið frá meðvirkni**  
Fundir alla laugardaga  
kl. 10:30.  
Hrísholti 8, Selfossi.  
Nánari upplýsingar á coda.is.

**Leiðin út á þjóðveg**  
Fundir í Rauðakrosshúsinu  
Hveragerði, efri hæð,  
fimmtudaga kl. 20:30.

**Geðræktarmiðstöðin  
Batasetur Suðurlands**  
Miðvikudaga kl. 10-14  
Kaffi Líf (við hlíðina á Nettó)  
Föstudaga kl. 10-12 í Strók  
facebook.com/batasetur

## BÍLAR

## KIETTUR

Bifreiðaverkstæði  
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi  
Þjónustuskóðanir Heklu-bifreiða og  
almennar bílavíðgerðir.  
Hjólástillingar



Dekkja- og smurþjónusta  
Sími 482 4069

**SKÁLINN**  
Gagnheiði 11  
800 Selfossi  
Sími 482 2200  
GSM 894 2277  
Fax 482 2777

Yfirbyggingar - Réttingar  
Bílamálun - Rúðuskípti

## TIL LEIGU

**Íbúð til leigu**  
4ra herbergja íbúð til leigu á  
Selfossi frá 1. des. 2019. 3ja  
mánaða fyrirframgreiðsla. Uppl.  
í síma 897 0679.

## ÞJÓNUSTA

**BR FLUTNINGAR**  
  
S: 662-1122  
**Daglegar ferðir**  
SELFOSS - REYKJAVÍK  
SUÐURLAND

## ICECOOL

Bifreiða- og breytingaverkstæði  
Gagnheiði 51, Selfossi  
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

**KJARNABÓKHOLD**

Bókhald • Framtöl • Skattskil  
Launavinnsur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss  
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri!

## Hjá Maddý ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss  
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf  
skattskil

Þjónusta við  
einstaklinga og  
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

**STEYPUSÖGUN - KJARNABORUN - INNRÖMMUN - TVÍBLAÐASÖGUN FYRIR HITALÖGNUM**

Saga dyragöt, gluggagöt og fleira  
í steinsteypu.  
Kjarnaborun fyrir lögnum.  
Ramma inn myndir,  
spjega og fleira.  
Annast einnig sólpallasmiði.

ÁSGEIR EGGERTSSON  
Sléttuvegi 6, Selfossi  
Sími 893 9068  
STEINSTEYPUSÖGUNIN ÁS ehf.

## TAPAD/FUNDIÐ



**Kápa tekin í misgripum**  
Kápa tekin í misgripum í  
Grænumörk 5, Selfossi, fimmtu-  
daginn 14. nóv. Önnur sams-  
konar skilin eftir. Vinsamlegast  
hafið samband í síma 823 4119  
(Þórunn) ef þú ert með kápuna.

## KIRKJUR

## Selfoskirkja

Fjölskylduguðsþjónusta kl. 11.  
Barna- og Unglingakór kirkjunnar  
syngja. Kökubasar Unglinga-  
kórs að lokinni messu, einnig  
ljúffeng súpumáltíð gegn vægu  
gjaldi. Umsjón með stundinni  
hafa Edit Molnár, Jóhanna Ýr og  
sr. Ninna Sif Svavarsdóttir.

Aðventukvöld kl. 20. Ræðu-  
maður Vilborg Davíðsdóttir rit-  
höfundur. Allir kórar kirkjunnar  
syngja, Barna-, Unglinga- og  
Kirkjukór undir stjórn Edit  
Molnár. Gísli Stefánsson syngur  
einsöng. Prestur sr. Ninna Sif  
Svavarsdóttir.

Aðventumessa í  
Hveragerðiskirkju

Verið velkomin á aðventumessa  
Hveragerðiskirkju 1. des., fyrsta  
sunnudag í aðventu, kl. 11.  
Kirkjukór Kotstrandar- og  
Hveragerðiskirkju syngur undir  
stjórn Miklos Dalmay. Skátarnir  
koma færandi hendi með friðar-  
logann frá Betlehem. Sr. Gunnar  
Jóhannesson þjónar fyrir altari.  
Allir eru hjartanlega velkomnir.

## Porlákaskirkja

Sunnudagur 1. desember.  
Aðventusamvera kl. 16.00. Fram  
koma: Eldri kór grunnskólans.  
Eldri lúðrasveit grunnskólans.  
Kór Porlákaskirkju. Söngfélag  
Porlákshafnar. Ester Ólafsdóttir  
organisti. Sr. Arnaldur flytur hug-  
leiðingu. Hjartanlega velkomin í  
uppbýggilega stund í byrjun  
aðventu.

## Aðventistar

Laugardaginn 30. nóvember  
2019 verður lokað í safnaðar-  
heimili aðventista á Eyravegi  
67. Sameiginleg samkoma verður  
í Loftsalnum, Hólshrauni 3,  
Hafnarfirði, frá kl. 11. Sameigin-  
legt borðhald verður á eftir.  
Verið velkomin.

## Hrunakirkja

Helgistund laugardaginn 30.  
nóv. kl. 14. Ljós tendruð í kirkju-  
garði. Aðventukvöld sunnu-  
daginn 1. des. kl. 20. Kirkju-  
kórinn, fermingarbörn lesa lestra  
og flutt verður jólasaga. Ræðu-  
maður: Guðrún Hafsteinsdóttir,  
formaður Samtaka iðnaðarins.  
Kaffi á eftir í safnaðarheimili. Allir  
velkomnir.

## Hrepphóla kirkja

Helgistund laugardaginn 30.  
nóv. kl. 15 í tengslum við ljós-  
tendrun í kirkjugarði. Allir vel-  
komnir.

## Félagsheimilið Árnes í

**Skeiða- og Gnúperjahreppi**  
Aðventuhátíð í Arnesi sunnu-  
daginn 1. des. kl. 15. Nemendur  
úr Þjórsárskóla syngja og leika,  
kirkjukórinn syngur, fermingar-  
börn lesa lestra. Ræðumaður:  
Sr. Kristján Björnsson, vígslu-  
biskup í Skálholti. Kaffiveitingar  
á eftir. Allir velkomnir.

## Skálholt skirkja

Barna- og fjölskylduguðsþjón-  
usta sunnudag 1. desember kl.  
11.00. Bergþóra Ragnarsdóttir,  
djáknakandidat annast stundina  
en með henni verða sr. Egill  
Hallgrímsson, sóknarprestur og  
Jón Bjarnason organisti. Kveikt  
verður á fyrsta kertinu á aðventu-  
kransinum. Söngur, sögur,  
bænir og samfélag. Eftir sam-  
veruna verður boðið upp á súpu  
og brauð í Skálholtsskóla.

## Miðdalssókn - aðventuhátíð

**Héraðsskólanum Laugarvatni**  
Sunnudag 1. desember kl.  
19.00. Ræðumaður er Bergþóra  
Ragnarsdóttir, djáknakandidat.  
Söngkór Miðdalsskirkju og Kór  
Grunnskóla Bláskógabyggðar á  
Laugarvatni syngja aðventu- og  
jólásálma. Fermingarbörn  
aðstoða við ljósastund og fleira.  
Sr. Egill Hallgrímsson sóknar-  
prestur og sr. Skírniir Garðarsson  
leiða stundina. Organisti og kór-  
stjóri er Jón Bjarnason.

## Hvítasunnukirkjan Selfossi

Sunnudaga kl. 11:00. Samkoma,  
sunnudagaskóli og kaffi-  
veitingar. English translation  
available. Allir innilega velkomnir.  
www.selfossgospel.is.

## Stokkseyrarkirkja

Sunnudagur 1. desember  
Aðventuhátíð kl. 18.00. Ljúf  
stund í kirkjunni með litlu tali en  
marvislegum tónum. Verið öll  
hjartanlega velkomin.

Aðventusamkoma í  
Víkirkirkju

Aðventusamkoma verður í  
Víkirkirkju að kvöldi fyrsta  
sunnudags í aðventu, 1. desem-  
ber nk. kl. 20:00. Margrét  
Steinunn Guðjónsdóttir djákna-  
kandidat flytur hugveku. Ljóns-  
staðatriðið syngur. Félagar í  
Samkór Mýrdælinga leiða  
almennan söng undir stjórn  
Brians R. Haroldssonar orga-  
nista. Sóknarprestur fer með  
ritningarorð og bæn. Allir hjart-  
anlega velkomnir.

Kirkjuskólinn í  
Víkurprestakalli

Minni á samveru Kirkjuskólans, í  
Víkurskóla næsta sunnudag, kl.  
11:15.

## Ljósadagurinn á Laugarvatni verður haldinn með hefðbundnum hætti laugardaginn 30. nóvember

Jólamarkaður í HÍ – vöflur og heitt súkkulaði, kveikt á jólatrénu í Bjarnalundi, kertaflýting, kakó og piparkökur

Í mörg ár hafa Laugdælingar  
Í og gestir þeirra fagnað upp-  
hafi aðventu með hinum hátíð-  
lega Ljósadegi. Dagkráin hefst  
kl. 14:00 með því að Kvenfé-  
lag Laugdæla opnar sinn ár-  
lega jólabasar í húsnæði HÍ  
á Laugarvatni. Þar mun ýmis  
varningur verða á boðstólum,  
hentugur til jólagjafa eða til að  
eiga og njóta. Enn er hægt að  
panta borð fyrir söluvarning á  
markaðinum hjá Lindu Dögg  
á netfanginu lindadoggsnae@  
gmail.com og síma 868 2384  
eða hjá Guðnýju á netfangið ket-  
ilvellir@simnet.is og í síma 848  
7758. Gjald fyrir lítið söluborð  
er kr. 1.500 og stórt kr. 3.000.

Kvenfélagið verður einnig  
með kaffi, heitt súkkulaði og  
gömsætar rjómaðvöflur til sölu.

Á markaðinum verður Lions-  
klúbburinn í Laugardal með  
blóðsykursmælingu og selur  
flotkerti.

Klukkan 17:00 verða ljósin  
tendruð á jólatré Lions-manna  
í Bjarnalundi og jólasöngvar  
sungnir. Að því loknu verður  
farið niður að vatni og hin árlega  
kertaflýting mun fara fram. Þar

## HEILSA

Nudd –  
Svæðanudd

## Dáleiðsla

Augnlestur og  
heilsuráðgjöfEinföld en áhrifarík  
ráð við ýmsum  
heilsuvandamálum

Alla fimmtudaga í Heilsulindinni  
Miðgarði, Austurvegi 4,  
Selfossi.

**Heiðar Ragnarsson**  
Sími 898 1501

## FUNDIR

## Vöflukaffi

Níunda vöflukaffi  
vetrar verður hald-  
ið næsta föstudag  
29. nóvember á  
Eyravegi 15 annari  
hæð á milli klukk-  
an 16 og 18. Gestur okkar  
verður Helgi S. Haraldsson  
forseti bæjarstjórnar í sveitar-  
félaginu Árborg. Hann mun  
fara yfir mál tengd sveitar-  
félaginu. Allir velkomnir.



## HÁDEGISFUNDUR

Hádegisfundur verður haldinn  
í sal Tryggvaskála laugar-  
daginn 30. nóvember kl.  
11:30. Bæjarfulltrúar og  
nefndarfolk D-lista í Árborg  
verða á staðnum. Súpa dags-  
ins fyrir fundarmenn gegn  
vægu gjaldi. Allir velkomnir.

Sjálfstæðisfélagið Óðinn



mun Fontana bjóða upp á heitt  
kakó og piparkökur.

Laugdælingar verða á þessum  
degi margir búnir að skreyta  
og lýsa upp umhverfi sitt með  
margs konar jólaljósum og  
jólaskreytingum. Dalbúar bjóða  
alla velkomna á Laugarvatni í há-  
tíðarskapi til að njóta jólastem-  
ningarinnar og fríðarinnar sem svífur  
yfir vatninu og dalnum öllum  
á þessum tyllidegi.

Verið velkomin á Laugarvatni  
á laugardaginn kemur, 30. nóv-  
ember.

## Við erum með réttu ljósaseríurnar fyrir þig

- Hinar sænsku System 24 í LED og System Expo í hefðbundinni útfærslu
- Margrómuð vara sem við höfum selt um árabíl og reynist mjög vel
- Henta í minni skreytingar jafnt sem stórar
- Einfaldar í notkun, endingargóðar og þola íslenska veðráttu
- Mjög nettar á orku
- Allt samtengt og engin vinna við einangrun
- Eigum núna rauðar System 24 LED ljósaseriur



**Hvetjum húsfélög og fyrirtæki til að kynna sér vöruna**

**Einnig fást hjá okkur vinsælir og endingargóðir leiðiskrossar fyrir 32 Volt**



www.arvirkinn.is • Eyraveggi 32 • Selfossi • Sími 480 1160

**Opið kl. 10-16 á laugardögum**

## Blómstrandi starf Tónlistarskóla Árnesinga

Starfsemi Tónlistarskóla Árnesinga stendur með miklum blóma, sem sýnir sig ekki hvað síst í nóvember og desember. Auk hefðbundinna tónleika taka nemendur skólans þátt í mjög spennandi verkefnum eins og sjá má á stiklum nóvembermánaðar.



hafa nær allir nemendur skólans fengið a.m.k. eitt tækifæri til að stíga á sviði í vetur.

### Eyrún Huld leikur með símfónuhljómsveit áhugamanna

30. nóvember kl. 16:00 mun Eyrún Huld Ingvarsdóttir, fiðlunemandi skólans leika með Símfónuhljómsveit áhugamanna í Seltjarnarneskirkju. Eyrúnu Huld hlaut þennan heiður, þegar hún var valin úr glæsilegum hópi fiðluleikara á lokatónleikum Nótunnar í Hofi á Akureyri sl. vor.

### Tónleikahald nóvembermánaðar

Að baki er fjöldi tónleika. Deildatónleikar tónlistarskólans, sjö talsins, voru haldnir í byrjun nóvember. Á tónleikum komu fram nær allar hljómsveitir og samspilshópar skólans auk einleikara og einsöngvara og dagskráin einstaklega fjölbreytt. Nemendur voru sér og skólanum til mikils sóma og tónleikaröðin sannkölluð veisla. Núna í lok nóvember stendur sem hæst hausttónleikalota, þar sem hver kennari heldur tónleika með sínum nemendum. Þar með

### Píanóhringekja og heimsókn

Laugardaginn 16. nóvember fékk skólinn góða gesti, þegar 30 píanónemendur úr Tónskóla Sigursveins heimsóttu píanónemendur okkar, ásamt fjórum kennurum. Fyrir hádegi voru æfð fjórhent og sexhent lög í öllum stofum, þá kom stuttur útileikjati í vetrarblíðunni í Sigtúnsgarði og loks píanóhringekjutónleikar í sal skólans. Í lok dagskrár komu allir saman og fengu sér pizzu áður en haldið var heim á ný. Við þökkum nemendum og kennurum Tónskóla Sigursveins innilega fyrir komuna.

### Lúðrasveitamaráðun í Hörpu

Sunnudaginn 17. nóvember tóku eldri bláasarveitir Tónlistarskóla Árnesinga á Selfossi og í Þorlákshöfn, þátt í lúðrasveitamaráðunni í Silfurbergi í Hörpu. Fram komu skólalúðrasveitir af öllu landinu og léku þær hver á fætur annarri frá kl. 11 - 18. Bláasarveitirnar okkar fluttu sameiginlega efnisskrá og gaman að sjá sveitirnar sameinaðar í þessu skemmtilega verkefni. Frammistaðan var til fyrirmyndar eins og vænta mátti.

Helga Sighvatsdóttir, skólastjóri



# GÓÐ RÁÐ

## FYRIR SUNNLENDINGA

APÓTEKARINN ER Í NÆSTA NÁGRENNI VIÐ ÞIG Á SUÐURLANDI.



Við erum í næsta nágrenni!

www.apotekarinn.is

**Apótekarinn<sup>+</sup>**

- lægra verð

## Styðja við byggingu fimm leiguíbúða í Árnesi

Ásmundur Einar Daðason, Áfélags- og barnamálaráðherra, og Kristófer Tómasson, sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps, undirrituðu í gær viljayfirlýsingu um aðkomu stjórnvalda að húsnæðisuppbyggingu í Árnesi. Fjölga á leiguíbúðum í sveitarfélaginu en mikill skortur hefur verið á húsnæði í Skeiða- og Gnúpverjahreppi um lengri tíma. Fyrsti þáttur verkefnisins felur í sér aðkomu Íbúðalánasjóðs að fjármögnun byggingar á fimm íbúða raðhúsi í Árnesi. Þá verða skoðaðar leiðir til að tryggja aðgengi að hagkvæmum leiguíbúðum til langtímaleigu á svæðinu.



Ásmundur Einar Daðason og Kristófer Tómasson takast í hendur.

### Uppbygging ferðapjónustu í Þjórsárdal kallar á húsnæði fyrir starfsfólk í næsta nágrenni

Nauðsynlegt er að byggja nýtt húsnæði á staðnum vegna áætlaðrar íbúafjölgunar í sveitarfélaginu á næstu misserum í tengslum við stórfellda atvinnuuppbyggingu í ferðapjónustu. Þar munar mest um uppbyggingu Hálandisbaðanna – baðstaðar og hótels í Þjórsárdal.

### Íbúðalánasjóður veitir eina milljón í þróunarstyrk

Íbúðalánasjóður mun koma að útfærslu verkefnisins og hefur sjóðurinn ákveðið að leggja sveitarfélaginu til eina milljón í styrk til þróunar verkefnisins. Styrkurinn er veittur sem hluti af sérstöku tilraunaverkefni

sjóðsins, sem snýr að því að örva húsnæðisuppbyggingu utan suðvesturhorns landsins og bregðast við erfiðu ástandi á húsnæðismarkaði, ekki hvað síst á landsbyggðinni.

„Það er ánægjulegt að öflugt fyrirtæki í ferðapjónustu skuli horfa til samstarfs og uppbyggingar með heimaönnum í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Þessari glæsilegu starfsemi sem fyrirhuguð er í Þjórsárdal fylgir fjöldi fólks, bæði á framkvæmdatíma og að honum loknum, sem mun hafa aðsetur í sveitarfélaginu. Það er mikilvægt að íbúðaskortur hamli ekki uppbyggingu sem tryggja mun atvinnu á svæðinu til langs tíma,“ segir Ásmundur

Einar. „Einn mikilvægasti hluti verkefnis okkar í Þjórsárdal, sem leggur áherslu á sjálfbærni, er að það sé unnið í sátt við sitt umhverfi og nærsamfélag. Þess vegna er mikilvægt að huga vel að innviðum og húsnæði. Við munum líklega skapa sextíu til áttatíu störf við Hálandisböðin og Hólaskóg á næstu árum og viljum svo gjarnan að sem flestir starfsmenn komi úr uppsveitum Árnessýslu. Þess vegna horfum við mjög spennt til samstarfs okkar við sveitarfélagið, stjórnvöld og Íbúðalánasjóð um að byggja upp húsnæði við hæfi í Árnesi, þann byggðarkjarna sem liggur næst Þjórsárdalnum,“ segir Magnús Orri Schram, framkvæmdastjóri Rauðukamba.

**FROST**  
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI  
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA  
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - WWW.FROSTMARK.IS

**Josera**  
Gæludýrafóður  
Fæst hjá  
**BYKO Selfossi**

**expert kæling**  
Sími 660 2970  
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum  
Ísskápaþvöður - Almennar raflagnir

**VÉLSMIÐJA SUÐURLANDS ehf**  
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980  
Efnissala  
Rennismiði  
Innréttingar  
Járnsmiði  
Gagnheiði 5, Selfossi  
Sími 482 1980

**HREINGERNINGA-ÞJÓNUSTA Suðurlands ehf.**  
Allar ræstingar  
Steinteppahreinsun, teppahreinsun,  
bón, gluggahreinsun o.fl.  
Sími 897 8444  
Frest um allt Suðurland

**Hjólbarðapjónusta Magnúsar**  
Gagnheiði 25 - Sími 482 2151  
**HM**  
Hjólbarðar  
Smurpönnur  
Betri vörur - betra verð

**Tækniþjónusta Suðurlands ehf. Selfossi**  
Sjónvarpskerfi fyrir hótél og gísthús  
Öryggiskerfi  
Eftirlitsmyndavélakerfi  
Hljóðkerfi  
Símkarfi o.fl.  
Sérhæfing - Þekking - Reynsla  
**Gunnar Guðmundsson**  
sími 694 4922  
**Vilmundur Sigurðsson**  
sími 779 6777

**Bilamerkingar Strigaprentun**  
**Fatamerkingar Gluggafilmur**  
Límmiðar Skiltagerð  
**Filmulausnir og merkingar**  
Háheiði 6, Selfossi sí: 833 2299  
filmulausnir@filmulausnir.is  
Ópió mánudaga til föstudaga frá kl. 9-17

**Rétting og málun**  
Vottað réttingaverkstæði  
Cabas tjónaskoðun  
Breiðumýri 1, Selfossi  
480 8020

**Bilasprautun - Bílaréttingar Bílrúðuskípti**  
**Bilverk BA**  
- þar sem fagmennirnir vinna  
★★★★ Vottað verkstæði  
Gagnheiði 3 - Selfossi  
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

**DFS.IS**  
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS  
Sími 482 1944  
dfs@dfs.is

**Lagnapjónustan ehf**  
Pípulagnir - Efnissala  
482 2311 696 2311  
Skrifstofa Þjónustusími

**Jólahlaðbord Rauða Húsið**  
Fléiri dagsetningar bætt við!  
23,29&30 nóv • 13&14 des  
lifandi tónlist og stemning fram eftir kvöldi  
aðeins 8.950 kr á mann  
tilboð: jólahlaðbord og gisting  
aðeins 14.750 kr á mann  
raudahusid.is/jolahlaðbord  
483-3330 / jj@raudahusid.is

**S**  
MERKINGAR  
LASERSKURÐUR  
FRÆSINGAR  
PRENTUN  
Kennslustofa 60  
**SB SKILTAGERÐ**  
Porlákshöfn - Sími 483 1955 - www.sbskilti.is

**Jiibbií**  
Siggafærðir  
- Flutningapjónusta -  
Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.  
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.  
Reykjavík - Selfoss  
Hella - Hvolsvöllur  
Sími 772 6010

**FYLGÐ**  
Útfararpjónusta  
Gísli G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson  
Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar  
Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

**NÝTT**  
**Vinnuvélanámskeið á netinu!**  
www.vinnuvelaskolinn.is